



Hin árlega Mörtuganga Grunnskóla Grindavíkur fór fram í blíðviðri í gær og léku nemendur á als oddi. Viðburðurinn fer fram til að minnast Mörtu Guðmundsdóttur, kennara við skólann, sem lést langt fyrir aldur fram árið 2007. Marta var mikill göngugarpur og útivistarmanneskja og því er minningu hennar haldið á lofti með útiveru nemenda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hagkerfið fær áttátt ár aftur í tímann

Grunnsviðsmynd SA og VÍ gerir ráð fyrir 13 prósentu samdrætti landsframleiðslu vegna efnahagslegra áhrifa kórónafaraldursins. Gæti tekið allt að sjö ár að vinna upp framleiðslutapið. Segja að Seðlabankinn þurfi að stíga fram af krafti með lækkun stýrivaxta.

VIÐSKIPTI Landsframleiðsla Íslands getur dregist saman um 13 prósent á árinu 2020 vegna efnahagslegra áhrifa kórónafaraldursins. Ef sú sviðsmynd rætist og hagvöxtur verður undir meðallagi á næstu árum getur tekið sjö ár að vinna upp framleiðslutapið. Þetta kemur fram í sviðsmyndagreiningu Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs Íslands sem benda á að fara þurfi aftur til ársins 1920 til að finna meiri samdrátt í íslensku efnahagslífi.

„Meginniðurstaðan er sú að við erum að sigla inn í mjög djúpa kreppu sem gæti fært landsfram-

leiðslu á mann átta ár aftur í tímann, miðað við grunnsviðsmynd,“ segir Konráð S. Guðjónsson, aðal-
hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands. Mikilvægt sé að hagstjórnin sé reiðubúin undir dökkari, en þó raunhæfar, sviðsmyndir.

Samkvæmt greiningunni munu aðgerðapakkar ríkisstjórnarinnar og efnahagssamdrátturinn hafa neikvæð áhrif á rekstur ríkissjóðs að fjárhæð 330 milljarða króna. Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, segir að svigrúmið sé hjá Seðlabanka Íslands.

Begar kemur að næstu aðgerðum hagstjórnar er boltinn hjá Seðlabankanum.

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA



„Begar kemur að næstu aðgerðum hagstjórnar er boltinn hjá Seðlabankanum. Þrátt fyrir að bankinn hafi fyrir tveimur mánuðum lækkað stýrivexti í tvisgang eru vextir hér langtum hærrí en það sem við sjáum í öðrum iðnríkjum. Seðlabankinn hefur því ónotað svigrúm,“ segir Ásdís, sem bætir við að lítið hafi heyrst í Seðlabankanum að undanfögnu.

„Mikilvægt er að bankinn virki enn frekar stjórntæki sín og þær aðgerðir sem hafa verið boðaðar á meðan ein dýpsta kreppa í íslenskri hagsögu gengur yfir. Frekari vaxta-

lækkanir eru dæmi um almenna aðgerð sem nær til bæði heimila og fyrirtækja.“

Sviðsmyndir SA og VÍ eru almennt dekkri en aðrar spár sem hafa verið settar fram. Seðlabanki Íslands setti til að mynda framtvær sviðsmyndir í apríl þar sem sú bjartari gerði ráð fyrir fjögurra prósentu samdrætti en sú dekkri gerði ráð fyrir sex prósentu samdrætti. Grunnsviðsmynd SA og VÍ gerir, sem fyrr segir, ráð fyrir 13 prósentu samdrætti en svartsýn sviðsmynd þeirra gerir ráð fyrir allt að 18 prósentu samdrætti. – þffh / sjá Markaðinn


Besta uppskeran núna!

Krónan mælir með!

Mmm ... Góður á grillið!

KRÓNAN

Veður



Vestan 5-13 m/s í dag og væta á köflum, en þurrt austast fram undir kvöld. Hiti 5 til 13 stig, hlýjast á SA-landi. **SJÁ SIÐU 16**

Gætu valið nafn í kosningum til forsetaembættis

AUSTURLAND Undirbúningsnefnd sameiningar fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi fundaði á mánudag um stöðu sameiningarinnar. Ljóst er að sveitarstjórnarkosningarnar sjálfar þurfa góðan fyrirvara og heimild stjórnvalda. Til tals hefur komið að nafnakosningin fari fram samhliða forsetakosningum í sumar, verði þær haldnar.

Kosningar áttu að fara fram 18. apríl en var frestað vegna faraldursins. Samkvæmt Stefáni Boga Sveinssyni, oddvita Framsóknarmanna í Fljótsdalshéraði, er stefnt að því að ákveða dagsetningu á næsta fundi, þann 19. maí, og helst lítið til haustsins.

„Ferlið byrjar frá grunni aftur og nefndin skilar tillögu til ráðherra sem ákveður endanlegan kjördag. Það þarf góðan frest því framboðin þurfa tíma til að setja saman lista,“ segir Stefán.



Stefán Bogi Sveinsson.

Stefán segir að önnur lögmál eigi við um nafnakosninguna fyrir nýtt sveitarfélag, sem átti að fara fram samhliða sveitarstjórnarkosningunum. „Þetta er nokkurs konar formleg skoðanakönnun. Allt er til reiðu fyrir kosningarnar og hægt að halda þær með styttri fyrirvara.“ Sex tillögur standa eftir, sem Örnefnanefnd hefur samþykkt. Það eru Austurþing, Austurþinghá, Múlabyggð, Múlaþing, Múlaþinghá og Drekaþing.

Spurður um önnur áhrif faraldursins á sameininguna segir Stefán það helst vera á starfsmannamál og fjárhagsáætlanagerð. „Gert var ráð fyrir að nýtt sveitarfélag væri tekið til starfa og nokkrum úrlausnar-efnum þarf að vinna að í undirbúningsstjórninni,“ segir hann. – **khg**

Stjórnmalamenn framtíðarinnar



Reykjavíkurráð ungmenna fundaði í gær með borgarstjórn í nitjanda sinn og lagði til fjölbreyttar tillögu að betri borg fyrir börn og ungmenni. Meðal annars að kennslu í fjármálalæsi, fræðslu um málefni flóttafólks og loftlagsmál og kennslu í sjálfsvörn. FRÉTTABLAÐID / SIGTRYGGUR ARI

Snjóflóð kosta tugi milljóna

VESTFIRÐIR Kostnaður Ísafjarðarbæjar af snjóflóðunum sem féllu á Flateyri í vetur, er tæpar 39 milljónir króna. Þetta kemur fram í bréfi bæjarins til forsætisráðuneytisins, en þann 21. apríl fól það bænum og Ríkislögreglustjóra að taka saman kostnaðinn. Þá var einnig kallað eftir tölum um tjón frá fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum.

Bærinn hefur þegar lagt fram rúmar 13 milljónir króna en áætlað er að tæpar 26 milljónir fari í hreinsunarstarf, viðgerðir og fleira sem framkvæmt verður í sumar.

„Það kom okkur á óvart hversu mikill framburður af aur og mól kom með flóðunum. Nú er hreinsun í gangi og við erum að reyna að flýta henni eins og hægt er,“ segir Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri. „Einnig var töluverður kostnaður vegna björgunaraðgerða strax í kjölfar flóðanna.“ Segist Birgir gera ráð fyrir að Ofanflóðasjóður muni greiða stóran hluta af þessu. – **khg**

Hjón úr Norrænu sett í sóttkví við heimkomu

Eftir sex daga siglingu með Norrænu til Færeyja og Danmerkur og til baka eru Geirþrúð Elidóttir og Ingimar Víglundsson komin heim til Akureyrar þar sem þau verða í tveggja vikna sóttkví. Dóttir þeirra segir málinu hvergi lokið.

FÓLK „Þau eru alveg búin á því,“ segir Sædis Inga Ingimarsdóttir, dóttir Geirþrúðar Elidóttur og Ingimars Víglundssonar, sem neyddust til að sigla með Norrænu til Danmerkur og til baka til Íslands vegna þess að þau fengu ekki að stíga á land í Færeyjum.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær fara þau Ingimar og Geirþrúð sem er hálf-færeysk á hverju ári til dvalar í húsi sínu í Færeyjum. Þau ætluðu með Norrænu til Færeyja í síðustu viku en var meinud landganga í Þórshöfn, þar sem þau eru íslenskir ríkisborgarar sem ekki uppylla skilyrði gildandi sóttvarnarlaga í eyjunum. Hvorki þau sjálf né Norræna ferðaskrifstofan sem seldi þeim farmiðana hafði áttað sig á þessu fyrir fram.

Geirþrúð og Ingimar komu til baka til Seyðisfjarðar í gær eftir sex daga á siglingu og þaðan óku þau heim til sín til Akureyrar. Og nú eru þau komin í tveggja vikna sóttkví á sínu eigin heimili, vegna þess að þau fóru úr landi.

„Þau er bara fegin að vera komin heim,“ segir Sædis sem kveðst ásamt dóttur sinni munu aðstoða foreldra sína í sóttkvinni. „Það verður ekkert vandamál.“

Faðir Sædisar hringdi í hana af bryggjunni í Þórshöfn til að leita aðstoðar þegar í ljós kom að þeim hjónum yrði ekki leyft að vera í Færeyjum heldur yrðu að halda áfram með Norrænu. Ekki náðist að greiða úr málinu og Sædis biðlaði til landstjórnarinnar í Færeyjum um að foreldrum hennar yrði hleypt í land vegna veikinda móður hennar. Ekkert svar hafi borist.

„Veikindi móður minnar eru af þeim toga, með sjóveiki í ofanálag,



Sædis Inga Ingimarsdóttir með foreldrum sínum Geirþrúði og Ingimari.

Veikindi móður minnar eru af þeim toga, með sjóveiki í ofanálag, að venjulega fer hún ekki neitt en lætur sig hafa sólarhringssiglingu til að komast til Færeyja einu sinni á ári.

Sædis Inga Ingimarsdóttir

að venjulega fer hún ekki neitt, en lætur sig hafa sólarhringssiglingu til að komast til Færeyja einu sinni á ári,“ útskýrir Sædis. Móðir hennar sem er 69 ára sé hjartveik, sykursjúk og með gigt og ónýtt bak. „Enda var hún nánast allan tímann í koju.“

Sædis undirstrikar að foreldrar hennar hafi lagt traust sitt á Nor-

rænu ferðaskrifstofuna. Þau hafi átt von á því að þeim yrði komið á milli án nokkurra vandkvæða. „Þú átt að geta treyst því að ferðaskrifstofa sem eðlilega tekur sér sölu- kynni sér allt saman,“ segir hún.

Aðspurð hvað fjölskyldan vilji segir Sædis að í fyrsta lagi vilji þau að Norræna ferðaskrifstofan biðji foreldra hennar afsökunar en reyni ekki að sá efasemdum um hvar sökin liggi.

„Það er engin spurning um það hjá okkur að sökin liggur alfarið hjá þeim. Í öðru lagi væri réttast að þau myndu annað hvort fá ferðina endurgreidda að fullu eða þá næstu borgaða,“ segir Sædis sem kveður foreldra sína ekki hafa gefist upp á Færeyjaferð. „Þetta er það eina sem þau gera fyrir sig og þau munu fara um leið og það verður leyft.“

gar@frettabladid.is

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

93.000

Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5050** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is**.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.





Way of Life!

SWIFT!

HANNAÐUR FYRIR ÞÍNAR ÞARFIR



VERÐ FRÁ KR.
2.620.000

4X4

SUZUKI SWIFT
ER EINNIG
FÁANLEGUR
FJÓRHJÓLADRIFINN

Suzuki Swift er löngu búinn að sanna ágæti sitt við íslenskar aðstæður. Frábærir akstursegínleikar, afl, sparneytni og glæsileiki gerir Suzuki Swift ómótstæðilegan.

Komdu í heimsókn og prófaðu margverðlaunaðann Suzuki Swift.

Suzuki Swift Mild Hybrid útgáfa er spennandi valkostur.

● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Glerárgötu 36. **Egilsstaðir:** Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9. **Reykjanesbær:** K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

Vestmannaeyjar: Bílaverkstæði Sigurjóns, Flötum 20.



Suzuki á Íslandi



Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Hæstiréttur dæmir mál Vigfúsar í dag

DÓMSMÁL Hæstiréttur kveður í dag upp dóm í máli ákærvaldsins gegn Vigfúsi Óskarssyni sem var dæmdur í Landsrétti í fyrra fyrir manndráp af ásetningi á Selfossi þar sem tvær manneskjur létust í húsbruna.

Landsréttur dæmdi Vigfús til 14 ára fangelsisvistar. Með dóminum var refsing hans þýngd verulega frá niðurstöðu héraðsdóms þar sem Vigfús var dæmdur fyrir manndráp af gáleysi og dæmdur í fimm ára fangelsi.

Hæstiréttur féllst á málskotsbeiðni Vigfúsar í lok janúar og taldi það hafa verulegu almenna þýðingu að fá úrlausn réttarins um mörk ásetnings og gáleysis í máli eins og Vigfúsar. – **áá**

Sigurður Tómas hlýtur skipun

DÓMSTÓLAR Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, settur dómsmálaráðherra, hefur ákveðið að gera tillögu til forseta Íslands um að Sigurður Tómas Magnússon, dómari við Landsrétt, verði skipaður dómari við Hæstarétt Íslands frá 18. maí næstkomandi.

Sigurður Tómas var metinn hæfastur umsækjenda að mati dómnefndar. Hann er fæddur 15. júní 1960 og lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands árið 1985. Auk dómarastöðu við Landsrétt hefur hann gegnt embætti héraðsdómara og prófessorsstöðu við Háskólann í Reykjavík. Hann var einnig settur ríkissaksóknari í einhverjum umfangsmestu sakamálum síðari tíma á Íslandi, svonefndum Baugs-málum og sótti þau bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Aðrir umsækjendur voru Aðalsteinn E. Jónasson, dómari við Landsrétt, og Sigríður J. Friðjónsdóttir ríkissaksóknari. Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Landsrétt, dró umsókn sína til baka. – **uó**

ÁRÉTTING

Á forsíðu Fréttablaðsins í gær var mynd sem tekin var á ytri höfninni í Reykjavík. Skilja mátti af myndatexta að skipið á myndinni væri hið aldna varðskip Óðinn. Svo var þó ekki heldur var um Baldur að ræða, skip sem verið hefur í þjónustu Landhelgisgæslunnar frá árinu 1991. Á sérstakri Plús-síðu sem fylgdi rafrænni útgáfu blaðsins birtust hins vegar fjölmargar myndir sem teknar voru um borð í Óðni af því tilefni að aðalvélar hans voru ræstar í fyrsta sinn frá 2006.

Fagna aukinni aðsókn í Kvennaathvarfið

COVID-19 „Við finnum fyrir aukinni aðsókn,“ segir Sigbrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfins, en samkvæmt bráðabirgðatölum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 77 tilkynningar um heimilisofbeldi til embættisins í apríl. Það er aukning um tæp 30 prósent miðað við meðaltal síðustu sex mánaða.

Fjölgun tilkynninga um heimilisofbeldi hefur verið mikið í umræðunni í kjölfar kórónaveirufaraldursins en frá því að faraldurinn skall á hefur mátt greina

aukningu á slíkum tilvikum. Þrátt fyrir aukinn fjölda tilkynninga hafði aðsókn í Kvennaathvarfið ekki aukist fram að þessu og segist Sigbrúður taka aukinni aðsókn kvenna í athvarfið fagnandi. „Það var óþægilegt að vita af því að úti í samfélaginu væri heimilisofbeldi að aukast en að konur væru ekki að leita sér hjálpar,“ segir hún.

Þá segir hún að aukin umræða í samfélaginu á tímum faraldursins og sýnileiki Kvennaathvarfsins og annarra úrræða sem veiti hjálp og stuðning til þeirra sem verði fyrir



Sigbrúður Guðmundsdóttir.

ofbeldi, líklega hafa mikil áhrif. „Það hefur alltaf verið sagt að heimilisofbeldi komi okkur öllum við, en núna upplifi ég það í fyrsta skipti að sú sé raunin,“ segir Sigbrúður og bætir við að stóruaukinn fjöldi fólks hafi samband við athvarfið bæði vegna þess að það hafi áhyggjur af einhverjum í kringum sig eða vegna þess að það vilji láta eitthvað afhendi rakna.

„Þetta vekur upp ákveðna bjartsýni um að kannski breytist viðhorf gagnvart heimilisofbeldi í kjölfar faraldursins en við spyrjum að leikslökum.“ – **bdj**

Skimun í boði í stað sóttkvíar

Frá og með 15. júní verður ferðamönnum boðið upp á að fara í sýnatöku á Keflavíkurflugvelli í stað þess að fara í tveggja vikna sóttkví. Forsætisráðherra segir þetta varfærið skref í afnámi ferðatakmarkana.

COVID-19 Ferðamönnum sem koma til landsins verður frá og með 15. júní boðið að fara í sýnatöku fyrir COVID-19, í stað tveggja vikna sóttkvíar. Fyrst um sinn verður þessi leið aðeins í boði á Keflavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að niðurstaða úr sýnatökunni fáiast samdægurs en einnig verður opnað á þann möguleika að nýleg vottorð um sýnatöku verði tekin gild.

Ríkisstjórnin kynnti í gær ákvarðanir sínar um skref í afléttinu ferðatakmarkana. Þá verður svokölluð vinnusóttkví rýmkuð frá og með næsta föstudegi. Aðilar á borð við kvikmyndagerðarfolk, íþróttalið, fréttafolk og vísindafolk geta þá fengið heimild til að vera í sóttkví við störf sín.

„Við erum hér að stiga varfærið skref með því að bjóða upp á sýnatöku. Við teljum okkur hafa þekkinguna og færnina til að gera þetta þannig að hægt sé að greiða fyrir ferðum til og frá landinu með raunhæfum hætti,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Áformin byggja á tillögum stýrihóps um afnám ferðatakmarkana.

„Við erum auðvitað með ákveðna sérstöðu. Smitin eru komin í núll og við erum auðvitað eyja. Þannig erum við í einstakri stöðu til að vita hverjir eru að koma og fara,“ segir Katrín.

Hún segir aðgerðirnar sem kynntar séu nú ekki til komnar vegna þrýstings frá ferðaþjónustunni. „Það er enginn þrýstingur sem verið er að láta undan þó að auðvitað séu hagsmunirnir miklir. Þetta er allt unnið í mjög nánú samráði við heilbrigðisyfirvöld og verður það áfram.“

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra segir þau skref sem verið sé að stiga mjög mikilvæg og ákveðin tímamót.

„Markmiðin eru alveg skýr. Við



Áform um tilslakanir ferðatakmarkana sem ríkisstjórnin kynnti í gær í Safnahúsinu voru unnin í nánú samráði við heilbrigðisyfirvöld og byggja á tillögum stýrihóps um afnám ferðatakmarkana. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

höfum náð góðum árangri í baráttunni en erum meðvitað um það að veiran er ekki farin. Það er mjög ólíklegt að það komi aldrei aftur upp smit á Íslandi, jafnvel þótt við myndum beita áfram sömu aðferðum og nú,“ segir Guðlaugur Þór.

Horfast þurfi í augu við að atvinnuleysi sé meira en áður hafi sést og jafnvel sé hægt að tala um heimskreppu. „Það er markmið okkar eins og allra annarra að reyna að koma hlutum í eðlilegt horf án þess að ógna með neinum hætti þeim árangri sem hefur náðst.“

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, segir tilslakanirnar aðeins mögu-

Færeyjar og Grænland

Sú breyting verður einnig gerð næstkomandi föstudag að Færeyjar og Grænland verða tkein af lista yfir há-áhættusvæði. Þar með þurfa einstaklingar sem þaðan koma til landsins ekki að fara í sóttkví.

Ekkert smit hefur greinst á Grænlandi frá 4. apríl og hafa allir ellefu einstaklingarnir sem greindust með COVID-19 náð sér. Í Færeyjum hafa alls 187 manns greinst og er þeim öllum batnað. Þar hefur ekkert smit greinst frá 23. apríl.

legar vegna þess frábæra árangurs sem landsmenn hafi náð.

„Þar höfum við fylgt ákvörðunum sem byggja á vísindum og þekkingu. Við byggjum þessa ákvörðun okkar núna áfram á slíku.“

Hann segir að stjórnmöld gefi sér nú tímann til mánaðamóta til að útfæra skimunina. Endurmeta á fyrirkomulagið eftir tveggja vikna reynslu. „Ég held að hugmyndin og aðferðafræðin sé spennandi, í því skyni að lágmarka áhættuna og byggja áfram á þessari vísindalegu þekkingu sem hefur gagnast okkur svo vel í baráttunni hér innalands,“ segir Sigurður Ingi.

sighvatur@frettabladid.is

Bönnuð efni í átta af tíu vörum

NEYTENDUR Tæplega áttatíu prósent af þeim vörum sem keyptar voru í vefverslunum með starfsemi utan evrópska efnahagssvæðisins, uppfylltu ekki kröfur evrópsku efnalöggjafarinnar samkvæmt niðurstöðum norræns efnaeftirlitsverkefnis. Umhverfisstofnun tók þátt í þeirri vinnu og koma niðurstöðurnar fram á vef stofnunarinnar.

Skoðaðar voru 361 vörutegund frá 161 birgja og reyndust tæplega átta af hverjum tíu vörum ekki uppfylla skilyrðin. Vörur sem pantaðar voru beint frá fyrirtækjum innan EES uppfylltu kröfurnar í 68 prósentum tilfella.

Meðal annars voru skoðuð efni í leikföngum, raftækjum og íþróttabúnaði. Bönnuð efni fundust í 57 prósentum tilfella þegar rafmagnstæki voru skoðuð og 23 prósentum leikfanga. Meðal annars fannst blý í rafmagnstækjum og bór í leikfanga-



Um fjórðungur leikfanga innihéldu bönnuð efni samkvæmt rannsókninni.

slími. Bór getur haft slæm áhrif á æxlun og blý getur skaðað tauga-kerfið, ásamt því að vera einstaklega hættulegt börnum og föstrum.

Þá fundust einnig þalöt og stuttkeðja klóruð paraflinn sem eru afar skaðleg vatnalífverum og talin geta valdið krabbameini. Þalöt eru þekkt fyrir að draga úr sæðisframleiðslu.

Á vef Umhverfisstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að neytendur fylgist með hvaðan vörur koma og mikilvægt sé að leita að CE-merkingu á vörum. Öruggara sé að kaupa vörur frá þekktum framleiðendum - ódýrar vörur frá lítt þekktum framleiðendum eru líklegri til að innihalda bönnuð efni. – **bdj**

K371 sófi

Fáanlegt í leðri og tauáklæði, margir litir
3ja sæta 2ja sæta og stólar




Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Opíð virka daga
11-18
laugardaga
11-15



Auglýsir eftir umsóknum um styrki

FrumkvöðlaAuður er sjálfseignarstofnun sem hefur það að markmiði
að hvetja ungar konur til frumkvæðis og athafna.

Sjóðurinn var stofnaður árið 2009 og er úthlutað úr sjóðnum 19. júní ár hvert.
Stjórn sjóðsins skipa: Kristín Pétursdóttir formaður, Lára Jóna Björnsdóttir
og Íris Arna Jóhannsdóttir.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2020.

Úthlutun fer fram 19. júní 2020.

Vinsamlega sendið umsóknir rafrænt á netfangið frumkvodlaaudur@kvika.is

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á kvika.is/hvatningarsjodir

– *Stjórn FrumkvöðlaAuðar* –

KVÍKA

*Kvika er sérhæfður banki sem er leiðandi
í eignastýringu og fjárfestingastarfsemi*

kvika.is

Fundað með borgarstjóra um mál Fossvogsskóla

REYKJAVÍK Fundað verður með borgarstjóra síðar í vikunni um hvort ráðast eigi í frekari sýnatöku í Fossvogsskóla, segir Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar. Líkt og Fréttablaðið greindi frá fyrir helgi segja foreldrar minnst fimm barna í skólanum að þau finni fyrir einkennum þrátt fyrir endurbætur vegna myglu í fyrri og fram á þetta ár.

Lögmaður nokkurra foreldra barna í Fossvogsskóla sendi bréf til skóla- og frístundasviðs borgarinnar á mánudaginn þar sem lýst er yfir miklum vonbrigðum með viðbrögð borgarinnar við beiðnum um að utanaðkomandi aðili taki sýni í skólanum. Telja foreldrarir að úttekt heilbrigðiseftirlitsins sé ekki treystandi.

Segir einnig í bréfinu að beiðnum foreldranna um upplýsingagjöf hafi verið mætt með fullkomnu áhugalessi þvert á það sem hafi verið lofað þegar framkvæmdir fóru af stað í mars í fyrra. Er einnig itrekuð krafa um að afhent verði úttekt verkfræðistofa á verkinu.

Skóla- og frístundaráð fundaði um málið í gær. Fram kemur í bókun meirihlutans að það séu eðlileg sjónarmið af hálfu foreldranna að kalla eftir athugunum með sýna-

Við tókum frásögnum foreldra mjög alvarlega, við viljum að okkar húsnaði sé sómasamlegt fyrir börnin.

Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs



töku eftir lok framkvæmda til að hægt verði að ganga úr skugga um að komist hafi verið fyrir vandann.

„Við tókum frásögnum foreldra mjög alvarlega, við viljum að okkar húsnaði sé sómasamlegt fyrir börnin,“ segir Skúli.

„Þá skal halda því til haga að framkvæmdum er ekki að fullu lokið. Við leggjum þunga áherslu á að skoða hvað sé hægt að gera meira til að tryggja góða upplýsingagjöf og samvinnu við foreldra um þetta mikla endurbótaverkefni.“ – ab



Við mat á kostum við lagningu Suðurnesjalínu 2 gaf Skipulagsstofnun mögulegum flugvelli í Hvassahrauni mikið vægi. Ráðherra bendir á að óvíst sé að hugmyndir um hann verði að veruleika á næstu áratugum. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Segir jarðstreng ekki í samræmi við stefnu

Ráðherra vekur athygli á því að sá kostur sem Skipulagsstofnun telur æskilegastan fyrir Suðurnesjalínu 2 samræmist ekki stefnu stjórnvalda. Hún segir mögulega uppbyggingu flugvallar í Hvassahrauni gefa mikið vægi í matinu.

SUÐURNES Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, vekur athygli á því að Skipulagsstofnun telji jarðstreng æskilegasta kostinn fyrir Suðurnesjalínu 2 þrátt fyrir að sú framkvæmd yrði ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Hún segir aðalvalkost Landsnets, sem yrði að meginhluta loftlína, hins vegar samræmast stefnu stjórnvalda vel.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Þórdís það athyglisvert að Skipulagsstofnun telji leið, sem samræmist ekki stefnu stjórnvalda, þá bestu við lagningu Suðurnesjalínu 2.

Hún segir að hugmyndum um hugsanlegan flugvöll í Hvassahrauni sé gefið mikið vægi í matinu. Hugmyndir um hann séu ekki komnar á skrið. „Engar slíkar hugmyndir eru komnar á skipulag eða byrjað að ræða slíkt af alvöru og óvíst er að slík hugmynd verði að veruleika á næstu árum eða byrjað að ræða slíkt af alvöru og óvíst er að slík hugmynd verði að veruleika á næstu árum eða áratugum.“

Ferlið í kringum Suðurnesjalínu 2 hefur verið langt og strembið en ákveðið var að fara í framkvæmdina fyrir tæpum áratug. Flestir aðilar sem koma að málinu; ráðherra, sveitarstjórar sveitarfélaganna sem línan á að liggja um og Skipulagsstofnun, virðast sammála um

Óvíst er að slík hugmynd verði að veruleika á næstu árum eða áratugum.

Þórdís Kolbrún



nauðsyn línunnar fyrir raforkuöryggi á Suðurnesjunum. Sveitarstjórar Voga og Reykjanesbæjar vilja að línan verði lögð í jörð.

Skipulagsstofnun birti á dögunum mat á umhverfisáhrifum fyrir Suðurnesjalínu 2. Þar voru sex valkostir um lagningu línunnar bornir saman og komst stofnunin að því að jarðstrengur meðfram Reykjanesbraut væri æskilegasti kosturinn. Aðalvalkost Landsnets telur stofnunin hins vegar sístan en hann felur í sér lagningu loftlínu meðfram Suðurnesjalínu 1 sem væri þó lögð í jörð innan marka Hafnarfjarðar. Sá valkostur er ódýrasti kosturinn og myndi framkvæmdin kosta 2,3 milljarða króna. Leiðin sem Skipulagsstofnun vill fara er aftur á móti um tvöfalt dýrari og myndi kosta 4,3 milljarða.

Samkvæmt stefnu stjórnvalda er meginreglan sú að notast sé við loftlínur þegar raflínur í megin-

flutningskerfi eru lagðar. Einnig skuli reynt að fara sem kostnaðarminnsta leið. Réttlætandi sé þó að fara dýrari leið eða leggja jarðstreng ef línan liggur í gegnum friðland, innan þéttbýlis eða við flugvöll.

Skipulagsstofnun segir jarðstrengskostinn einmitt umhverfisvænni en hina kostina. Talin eru upp nokkur atriði sem spila þar inn í, til dæmis það að náttúra svæðisins njóti verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, að svæðið sé gátt ferðamanna inn í landið sem koma frá Keflavíkurflugvelli og að línan fari um vinsæl útivistarsvæði. Þá er einnig bent á hugsanlega uppbyggingu í sveitarfélaginu Vogum og mögulegum flugvelli í Hvassahrauni gefið mikið vægi.

„Skipulagsstofnun telur ljóst að ef afuppbyggingu flugvallar í Hvassahrauni verður, gerir það kröfu um að háspennulínur í nánd við flugvöllinn séu lagðar í jörð,“ segir í matinu. Aðalvalkostur Landsnets kæmi því ekki til greina að mati stofnunarinnar ef til uppbyggingar flugvallar í Hvassahrauni kæmi.

Líkt og fyrr segir bendir ráðherra á að ekki sé farið að ræða mögulegan flugvöll af neinni alvöru. Hún segir einnig að Umhverfisstofnun hafi talið lagningu jarðstrengja á svæðinu slæman kost vegna neikvæðra áhrifa á jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar.

ottar@frettabladid.is

Útspil Icelandair ekki féluginu til framdráttar

KJARAMÁL Jón Þór Þorvaldsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna, segir að póstur Boga, forstjóra Icelandair, til félagsmanna FÍA í gær hafi verið mikil vonbrigði. Í póstinum gerði forstjórinn nánar grein fyrir tilboði Icelandair til flugmanna en eins og Fréttablaðið greindi frá höfðu forvarsmenn FÍA hafnað því að bera tilboðið undir félagsmenn sína. Þetta kom fram á fjárfundi sem Jón Þór hélt með félagsmönnum FÍA í gær. Sagði hann að útspil Icelandair væru óásættanlegt og ekki féluginu til framdráttar. Þá gagnrýndi hann Boga fyrir að tala um



Jón Þór Þorvaldsson, formaður FÍA

Icelandair sem lítið peð og sagði að svona ætti forstjórinn ekki að tala um félagið sem væri fyrst og fremst þekkingarfélag.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fór Jón Þór vítt breitt yfir stöðuna með félagsmönnum. Benti hann á að fyrir COVID-19 hefði Icelandair verið vel fjármagnað félag

með góða lausafjárstöðu. Félagið hefði skilað góðum hagnaði á árinum 2010 til 2017 en þó hefðu mörg stjórnunarleg mistök verið gerð. Meðal annars lokun söluskristofa í Bandaríkjunum og þá hafi félagið brugðist of seint við þeim vanda sem skapaðist út af alvarlegum göllum í Boeing MAX-vélunum.

Ítrekaði hann að flugmenn vildu sýna ábyrgð og tilboð þeirra til samninganefndar Icelandair væri ígildi 26,3 prósentu kostnaðarlækkunar. Tilboðið væri samkeppnishæft og því hafi ekki enn verið formlega hafnað þegar Icelandair sleit viðræðum í fyrradag. –þþ

Verslunarhúsnaði í austurbænum óskast

Óska eftir að taka á leigu verslunarhúsnaði í austurhluta Reykjavíkur, 150-250 fermetra.

Leigt til þriggja mánaða með möguleika á framlengingu.

Áhugasamir sendi inn tilboð á netfangið verslunarhusnaedi150@gmail.com

Aðalfundur

Eflingar 2020

Aðalfundur Eflingar 2020 verður haldinn miðvikudaginn 20. maí kl. 20.00 á Hótel Sögu í Kötlum I og Kötlum II.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

- Skýrsla stjórnar
- Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til afgreiðslu
- Lýst kjöri stjórnar, stjórna sjóða og skoðunarmanna reikninga

Önnur mál

Léttar veitingar

Vegna samkomubanns mega eingöngu vera 50 manns í sama rými. Því fer fundurinn fram í tveimur samliggandi sölum og þess gætt að fara eftir reglum um fjölda manns og tveggja metra fjarlægð.

Til að halda skipulagi biðjum við félagsmenn að boða komu sína á www.efling.is

Endurskoðaða reikninga félagsins má nálgast á www.efling.is

Félagar mætum vel og stundvíslega.





HITTU OKKUR Á FACEBOOK  / REKKJAN

ÖLL STILLANLEG RÚM MEÐ

20-30%
AFSLÆTTI

MIKIÐ ÚRVAL, MARGAR STÆRÐIR
FRÁ 80 CM TIL 200 CM

VERÐ FRÁ
290.600 KR.

160X200 CM HJÓNARÚM
INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA, BOTN OG FÆTUR.

FULLT VERÐ 415.080 KR.

MIKIÐ ÚRVAL AF MISMUNANDI DÝNUM.
STILLTU ÞIG INN Á HVÍLD SEM GERIR LÍFIÐ BETRA



STILLTU ÞIG INN
Á HÁMARKS HVÍLD
GOTT GEGN HROTUM
MINKAR BAKFLÆÐI
EINSTÖK SLÖKUM
FRÁBÆR AÐLÖGUN



FORTE TILBOÐSVERÐ
175.840 KR.
PRIGGJA SÆTA RAFSTILLANLEGUR SÓFI FULLT VERÐ 219.800 KR.



COMO TILBOÐSVERÐ
35.920 KR.
STILLANLEGUR HÆGINDASTÖLL FULLT VERÐ 44.900 KR.

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

Danir telja aðra bylgju ólíklega

DANMÖRK „Með þá þekkingu sem við höfum í dag finnst mér mjög ólíklegt að við sjáum aðra bylgju,“ sagði Kåre Mølbak, sóttvarnalæknir Danmerkur, á blaðamannafundi vegna COVID-19 í gær.

Þá lýsti Mette Frederiksen forsætisráðherra yfir áformum stjórnvalda um að herða enn frekar rakningar á smitum. Um tuttugu þúsund próf eru nú gerð á degi hverjum og er ætlunin að þau verði enn fleiri.

„Frá því að prófa tiltölulega fáa í upphafi erum við nú eitt af þeim löndum sem tekur flest próf miðað

Með þá þekkingu sem við höfum í dag finnst mér mjög ólíklegt að við sjáum aðra bylgju

Kåre Møln, sóttvarnalæknir

við íbúafjölda,“ sagði Mette á fundinum.

Danir slökuðu aftur á ráðstöfunum vegna faraldursins í vikunni, og hefur nú fjöldi veitingastaða og verslanamiðstöðva verið opnaður á nýjan leik. – **atv**

Fjöldi barna fær ekki nóg að borða

ITALÍA Hundruð þúsunda ítalskra barna fá ekki nóg að borða á heimilum sínum um þessar mundir vegna COVID-19 faraldursins samkvæmt bændasamtökum þar í landi, Colidretti. Faraldurinn hefur verið verstur í norðurhluta landsins en vannæring barna er meiri í suðurhlutanum, sem er fátækari hlutinn.

„Tala barna, undir 15 ára aldri, sem þurfa matar- og mjólkuraðstoð er núna 700 þúsund,“ segir í tilkynningu frá samtökunum.

Efnahagsleg áhrif faraldursins í

landinu eru mikil og búist við átta til tíu prósent samdrætti á þessu ári vegna útgöngubanns og lokana. Atvinnuleysi og fátækt hefur aukist hratt og mest hefur ástandið áhrif á landbúnaðarstarfsfólk í árstíðabundinni vinnu, en einnig þá sem reka litlar verslanir og einyrkja í þjónustugreinum.

Fjölmargir, sérstaklega innflytjendur, vinna svarta vinnu og eiga engan rétt á atvinnuleysisbótum eða annarri framfærslu frá hinu opinbera. Þá hefur matarverð

hækkað í faraldrinum, ávextir um rúm átta prósent, grænmeti um fimm prósent, mjólk um fjögur og kjöt um rúm þrjú prósent.

Hvað börnin varðar hafa skólanir haft mikil áhrif á fátækari fjölskyldur, því nú fá þau ekki hádegismat í skólanum.

Þrátt fyrir erfiðleikana hefur faraldurinn eftt samstöðu í landinu. Í könnun sem Colidretti létu gera hafa tæp 40 prósent landsmanna gefið fé eða matvæli til góðgerðarsamtaka. – **khg**



Þessi boli barðist hatrammlega fyrir lífi sínu á San Isidro nautaatshátiðinni í Madrid árið 2018. MYND/EPA

Tvísýnt um nautaat

Nautaat á Spáni er í hættu vegna sóttvarna. Ræktendur biðla til stjórnvalda um styrki. Dýraverndarsinnar mótmæla slíkum aðgerðum harkalega.

SPÁNN Nautaat á Spáni er í hættu vegna sóttvarnaaðgerða yfirvalda. Ræktendur nautgripa vilja fá styrki frá hinu opinbera eins og aðrir aðilar sem hafa orðið fyrir búisfjum vegna faraldursins, en dýraverndunarsamtök berjast hatrammlega gegn því.

Þegar nautaatstímabilið átti að hefjast skall heimsfaraldurinn á. „Þetta var hræðilegt. Kórónaveiran kom á versta hugsanlega tíma,“ segir Victorino Martín, nautgriparæktandi og formaður nautaatssamtaka Spánar, í samtali við breska blaðið The Guardian. Algjör óvissa ríkir um hvenær tímabilið getur hafist en í venjulegu árferði hefði því lokið í október.

Nautaat hefur verið stundað frá fornöld, meðal annars í hringleikahúsum Rómverja. Nútíma nautaat er einkum tengt við Spán og þaðan barst það til Rómönsku-Ameríku. Nautið er í dag einkennisdýr Spánverja.

Mikill iðnaður hefur skapast í kringum nautaat, bæði ræktunina, þjálfunina og sýningarnar sjálfar.

Enginn mun samt græða á þessari hryllingssýningu.

Aida Gascon, hjá dýraverndarsamtökunum AnimaNaturalis

En viðhorfsbreytingar og þrýstingur dýraverndarsinna hafa sett strík í reikninginn. Árið 2011 voru 2.290 nautaoð haldin á Spáni, flest í suðurhérudunum, en árið 2017 hafði þeim fækkað niður í 1.553. Samkvæmt könnun árið 2015 höfðu 9,5 prósent Spánverja keypt miða á nautaat.

Auk þess sem hefðbundið nautaat, þar sem nautabani etur kappi við nautgrip, hefur stöðvast þá var hinu þekktta nautahlaupi í Pamp-lona, sem átti að fara fram 6. júlí, einnig aflýst.

Samkvæmt Martín er tekjufall iðnaðarins 700 milljónir evra, eða rúmlega 110 milljarðar króna. „Dýrin halda áfram að éta. Við þurfum að sinna þeim og starfs-

fólkinu. Hvaða iðnaður getur lifað af eitt og hálft ár án tekna en samt greitt kostnað?“ spyr hann.

Öttast hann að allt tímabilið sé farið í súginn. Þegar hafi margir ræktendur gefist upp og slátrað nautgripum því strangar kröfur eru um aldur þeirra. Þetta sé mikill missir fyrir þá þar sem verðmunurinn á bardaganautgrip og sláturgrip er tífaldur. Þeir fá 800 þúsund krónur fyrir þann fyrrnefnda en 80 þúsund fyrir hinn síðarnefnda.

Martín og félagar hafa biðlað til spænska ríkisins um aðstoð í formi skattaafsláttar og beinna styrkja. Visað er til þess að nautaat sé menningarfyrirbæri sem laði að ferðamenn og skili þar með afleiddum tekjum inn í landið.

„Þetta er eitt af því fáa góða sem kemur út úr þessum faraldri,“ segir Aida Gascon, hjá dýraverndarsamtökunum AnimaNaturalis, við fréttastofu Reuters. Hún segist gera sér grein fyrir að nautin deyi samt sem áður. „Enginn mun samt græða á þessari hryllingssýningu.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

Nýfædd börn létust í skotárás

AFGANISTAN Þrettán létust í skotárás sem gerð var á sjúkrahúsi í Kabúl í gær. Á meðal látinna voru tvö nýfædd börn, en mannúðarsamtökin Læknar án landamæra starfræktu fæðingardeild á sjúkrahúsinu.

Árásin hófst þegar að minnsta kosti þrír vopnaðir menn klæddir lögreglubúningum hófu skothríð á Dasht-e-Barchi sjúkrahúsið. Auk þeirra sem létust særðust fimmtán manns í árásinni áður en lögreglunni tókst að fella árásarmennina.



Afgangskur hermaður bjargar barni undan árásarmönnum. MYND/EPA

» Auk þeirra sem létust særðust fimmtán manns í árásinni áður en lögreglunni tókst að fella árásarmennina.

Á undanförunum mánuðum hafa hryðjuverkasamtökin Isis staðið að og skipulagt árásir í höfuðborginni. Enginn hefur enn lýst yfir ábyrgð sinni á árásinni, en talibanar hafa þvertekið fyrir að eiga hlut að máli. – **atv**

Sumarið er komið í DORMA

Ókeypis
heimsending!

Verslaðu á dorma.is



SUMAR
TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR



HOUSTON
hornsófi

Fallegur hornsófi í Houston línunni. Sófinn fæst hægri eða vinstri (horn ófæranlegt) í tveimur litum. Armar eru meðalgrannir og sófinn frekar í nettara lagi. Houston passar í flest rými bæði hvað varðar stærð og stíl – sem er lálaus og glæsilegur. Seta og bak sófanna eru lausar pullur sem sitja þó vel og renna ekki. Innra byrði er úr endingargóðum, kaldpressuðum svampi, þá trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fætur sófanna eru frekar grannir en sterkir úr svörtum viði. Houston hornsófi er nettur en samt er svo þægilegur. *Bonded leður (leðurblanda) er blanda af ekta leðri og gervileðri. Um þriðjungur áklæðisins í Houston er ekta leður sem er mun hærra hlutfall en algengt er. Stærð: 270 x 210 x 85 cm

Fullt verð: 229.990 kr.



Tveir litir, brúnn og
kóníaksbrúnn, hægri eða
vinstri tunga

Aðeins **183.920 kr.**



Þú finnur
nýjan
bækling
á dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast



Ástríða, spenna, stöðugleiki.

Þrátt fyrir óhagstæða gengispróun undanfarið er Bílabúð Benna staðráðið í að standa verðlagsvaktina og hefur því ekki hækkað verð á nýjum bílum. Þetta er okkar framlag til verðstöðugleika. Upplifðu einstaka ástríðu með Porsche Cayenne.

Cayenne E-Hybrid, verð: 12.990 þús. kr.

Örfá eintök á lager.

Porsche Cayenne Coupe E-Hybrid

Hestöfl: 462

Hámarkstog: 700 Nm

Hröðun: 5.1 sek. 0-100 km.klst



Porsche Cayenne Coupe E-Hybrid



Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | 110 Reykjavík | S: 590 2000 | benni.is | porsche.is | Opið virka daga frá 9:00 til 18:00 og um laugardaga frá 12:00 til 16:00

SKOÐUN

Sigur íhaldsins



Adalheiður
Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Fáar opinberar skrár hafa sætt eins umfangsmikilli endurskoðun undanfarinn áratug, með jafn dapurlegum árangri, og stjórnarskrá lýðveldisins.

Saga þessarar endurskoðunar hefur verið skrautleg á köflum, með eftirminnnilegri en heldur óspennandi kosningabaráttu 523 fram- bjóðenda til stjórnlagabings og vægast sagt óvæntum afskiptum Hæstaréttar af lýðræðislegum kosningum.

Gríðarlegur fjöldi tillagna og frumvarpa liggur fyrir eftir mikla vinnu kjörinna fulltrúa í stjórnlagaráði, fjölda nefnda og allra sérfræðinganna sem virðast endalaust til í að vinna fyrir hverja nefndina á fætur annarri. Líkt og sérfræðingarnir hefur íslenskur almenningur ítrekað verið virkjaður til starfa með boðun til þjóðfundar, til þjóðaratkvæðagreiðslu, þátttöku í rökræðukönnun og alls kyns samráði. Ekki verður þó séð að til samráðs sé alltaf boðað í því skyni að þoka málum áfram eða að afstöðu þátttakenda sé beinlínis tekið opnum örmum.

Þeir sem standa fyrir allri þessari vinnu virðast þó minnstan áhuga hafa á að hún beri einhvern árangur; sjálfir stjórnmalamennirnir. Íhaldið af því það kærir sig ekki um stjórnarskrárbreytingar yfir höfuð og frjálsslyndið af næstum þráhyggjukenndu trygglyndi við frumvarp stjórnlagaráðs.

Eftir áratug af þessari störukeppni hlýtur að fara að verða óhætt að lýsa sigri íhaldsins, sem kann vonandi vel að meta þá hnauspýkku brynju gegn stjórnarskrárbreytingum sem frumvarp stjórnlagaráðs er orðið að.

Á meðan stjórnmalamenn dunda sér við að veita íslenskunni stjórnarskrárvernd og semja yfirlýsingar um ósnortin viðerni og auðlindir í þjóðareign, þarf mikill meirihluti íslenskra kjósenda að sætta sig við mun lakari lýðræðisrétt en minnihlutinn. Þetta misvægi atkvæða hefur djúp áhrif á stjórnmalalíf í landinu og stuðlar ítrekað að töku óvandaðra ákvarðana.

Stjórnarskrarákvæði um forsetann og ríkisstjórnina hafa legið ósnert í bráðum heila öld með þeim afleiðingum að enn þarf aðeins 1.500 meðmælendur til að lýsa framboði til embættis forseta, sem er sami meðmælendafjöldi og árið 1944 þegar Íslendingar voru 127 þúsund. Vegna þess hve fjarlæg ákvæðin um hlutverk forseta eru raunveruleikanum, fer kosningabaráttu fyrir forsetakjör iðulega í að ræða persónulegar skilgreiningar frambjóðenda á embættinu og frambjóðendur hika ekki við að lofa að haga sér eins og einræðisherrar nái þeir kjöri.

Ákvæði stjórnarskrárinnar um ráðherra eru litlu skárri en þar er sáralítið vikið að skyldum þeirra gagnvart þjóð og þingi. Þá er áhrifaleysi stjórnarskrárinnar á ábyrgðartilfinningu ráðherra nánast algert eins og sagan sýnir. Svo mætti lengi telja um aðkallandi breytingar á stjórnarskrá.

Nú styttest í að flokkarnir leggist undir feld og hugi að málefnavarfi fyrir næstu kosningar. Eftir tíu ára árangurslaust streð er tímabært að staldra við, meta afraksturinn og ákveða hvort við látum ósnortin viðerni og íslenskunnar heilaga vé duga í bili eða hvort við reynum nýjar leiðir.



Eftir áratug af þessari störukeppni hlýtur að fara að verða óhætt að lýsa sigri íhaldsins.

Halldór



Frá degi til dags

Hvar er Björn Ingi?

Stórfenglegt augnablik átti sér stað í Safnahúsinu í gær þegar forsætisráðherra spurði dómsmálaráðherra þegar sú fyrri hafði lokið máli sínu: „Hvar er Björn Ingi?“ Þessi spurning, sem enginn átti að heyra nema aðrir ráðherrar, kristallar dugnaðinn í manninum sem hefur frá því faraldurinn hófst mætt samviskusamlega á alla fundi sem tengjast COVID og tekið nafna sinn Leví til fyrirmyndar í spurningaflóðinu. Lausleg athugun leiddi í ljós að á þeirri stundu sem forsætisráðherra spurði var Björn Ingi upptekinn við að koma höggi á Pírata á samfélagsmiðlum.

Seltjarnarnesgöng

Seltirningar kvarta sáran undan umferðarhindrunum sem Reykjavíkurborg er að koma fyrir viðs vegar á þjóðbrautinni út á nes. Nýjasta umkvörtunarefnið er stoppið Strætó á Geirsgötu sem verið er að setja upp. Nú kemur sér illa að hafa ekki hugsað nógu stórt og gengist fyrir jarðgangagerð í allar áttir. Þá væri hægt að bruna hindrunarlaust um án þess að þurfa að stoppa í höfuðborginni og bíða meðan farþegum er hleypt út og inn. Það er ekki von að Seltirningar skilji mikilvægi stoppið eða almenningssamgangna yfirleitt, því á Nesinu er helsta höfuðvigi einkabilsins og margir íbúar þar hafa aldrei komið í Strætó.

Nýsköpunarstofa fyrir námsfólk í Hafnarfirði



Ágúst Bjarni
Garðarsson
formaður bæjar-
ráðs Hafnar-
fjarðar



Með þessu erum við að fjárfesta til framtíðar og um leið að tryggja unga fólkinu okkar hér í Hafnarfirði góð sumarstörf.

Nýverið ákvað Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, að verja 2.200 milljónum króna til að fjölga störfum fyrir námsmenn í sumar og munu þau skiptast á milli opinberra stofnana og sveitarfélaga. Í síðustu viku samþykkti bæjarráð Hafnarfjarðar að skapa 250 ný sumarstörf fyrir hafnfirskt námsfólk og frumkvöðla og er ákvörðunin liður í nýsamþykktari aðgerðaáætlun bæjarfélagsins vegna COVID-19.

Öllum sviðum bæjarfélagsins var falið að taka saman lista yfir afmörkuð verkefni sem einkum mætti bjóða hafnfirsku námsfólki og frumkvöðlum til vinnslu í tímabundnum störfum. Í heild bærust 80 verkefnatillögur frá sviðunum. Horft er sérstaklega til nýrra og nýstárlegra verkefna þar sem nýta má menntun og færni þátttakenda á sviði umhverfis- og framkvæmdamála, upplýsingatækni, fræðslumála, fjölskyldumála, menningarmála, íþróttamála og heilsueflandi samfélags. Starfsemin mun fara fram í fallegu húsnæði gamla Lækjarskóla við Lækinn, þar sem hópurinn mun fá aðstöðu ásamt því að hafa aðgengi að sérfræðingum Hafnarfjarðarbæjar.

Við vitum ekki hvernig störf framtíðarinnar koma til með að lita út og við lifum á tímum þar sem öll tækniþróun og aðrar samfélagslegar breytingar gerast á ógnarhraða. Nýsköpun er ekki sérstök atvinnugrein, heldur á nýsköpun sér stað í öllum atvinnugreinum og alls staðar. Við teljum að nýta megi þá starfsemi sem hér er boðuð til nýjunga og umbóta í starfsemi bæjarins sem síðar gagnast samfélaginu öllu; koma auga á áður óséð tækifæri til þróunar á öllum sviðum. Með þessu erum við að fjárfesta til framtíðar og um leið að tryggja unga fólkinu okkar hér í Hafnarfirði góð sumarstörf.

Í þeim krefjandi aðstæðum sem samfélagið allt tekst nú á við, verður gaman að fylgjast með þessari starfsemi í sumar og vonandi sjá hana vaxa og dafna til framtíðar.



Mótbyr verður að meðbyr



Guðjón Baldursson



Væri ekki skynsamlegt að láta mótbyr síðustu vikna verða að meðvindi, huga að tækifærunum, setja ekki öll egginn í sömu körfuna?

Það er verið að skrifa kafla í mannkynssögunni þessar vikurnar sem fjallar um atburði án hliðstæðu, atburði sem hafa víðtæk og trúlega varanleg áhrif á heim allan og á samfélag manna. Við erum rétt að byrja að fóta okkur í þessari nýju veröld mitt í faraldri sem vitað var lengi að mundi koma, það var bara spurning um hvenær. En þessum hamförum er ekki lokið, eða eins og Winston Churchill sagði í miðju stríðinu: „Þetta er ekki endirinn. Ekki einu sinni byrjunin á endinum. En kannski er þetta endirinn á byrjuninni.“

Við fylgjumst með vísindamönnum í beinni útsendingu upplýsa okkur um hvernig atburðum vindur fram. Allir hafa aðeins haft eitt markmið: Að veikjast ekki, að lifa af. Og sjaldan höfum við orðið þess jafn áskynja og nú að enginn er eyland, við þurfum öll á hvert öðru að halda. „Sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér.“

Heimskreppan 2008 snerist um peninga, þessi um heilsuna. Við höfum verið minnt á að ekkert er dýrmætara en heilsan. Reyndar eru ekki alveg allir þeirrar skoðunar: Bandaríkjaforseti sagði nýlega: „Við verðum að passa upp á peningana, jafnvel þótt það kosti mannslíf.“ En það er ekki hægt að kaupa sig frá hættunni á að veikjast með peningum, við verðum sjálf að taka ábyrgð og sýna samstöðu í verki.

Á sama hátt og við þurfum öll að leggjast á árarnar við að bjarga jörðinni frá tortímingu verðum við að vinna saman að því að koma heimsbyggðinni aftur á lappirnar. Það gæti líka verið hluti af undirbúningi undir næsta faraldur, sem mun koma eins og sóttvarnalæknir hefur sagt, aðeins spurning um hvenær. Þá gildir samstaðan.

En að ástandinu hér heima. Drífa Snædal, forseti ASÍ, sagði í 1. maí ávarpi sínu: „Hér verðum við í fullum gangi að skapa ný tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki í matvælaíðnaði, heilbrigðisþjónustu, menntun, tækni og nýsköpun.“ Það er athyglisvert að hún nefnir ekki ferðaþjónustuna og jafnframt að það sé

„hvorki gerlegt né æskilegt að leita í sama farið“. Sem er umhugsunarfni í ljósi þess að margir hafa haft orð á því að ferðaþjónustan muni eflast á ný og að fólk muni flykkjast hingað til lands sem aldrei fyrr. Ekki sé spurning um hvort, heldur hvenær þessi atvinnugrein nái vopnum sínum á ný.

Sem er óraunhæft í ljósi þess að ferðaþjónustan var komin í kreppu tveimur árum áður en faraldurinn skall á. Ferðamönnum hafði farið fækkandi, skuldir vaxið um 83% frá 2016 til 2019 á sama tíma og hótélherbergjum fjölgaði úr 7.364 í 10.889 eða um 47%. Það er eins og mönnum hafi gleymst að „what goes up, must come down“.

Í grein í DV í febrúar 2017 „Hótelmergðin í Reykjavík“ segir að 44 hótél hafi verið í Reykjavík, þar af 27 í 101 Reykjavík á sama tíma og 22 þekkt hótélverkefni voru til viðbótar á hinum ýmsu stigum framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu, langflest í Reykjavík. Margir segja að túristavæðingin hafi eyðilagt miðbæinn á vakt núverandi borgarstjórnar. Græðgin náð tangarhaldi á mörgum.

Ferðaþjónustan hefur skilað þjódarbúinu umtalsverðum fjárhæðum á síðustu árum með jákvæðum áhrifum á efnahag þjóðarinnar. En staðreyndin er sú að þessu blómaskeiði er lokið.

En höfum við gengið veginn til góðs? Höfum við staðið vörð um tunguna okkar og landið okkar? Svari hver fyrir sig.

Væri ekki skynsamlegt að láta mótbyr síðustu vikna verða að meðvindi, huga að tækifærunum, setja ekki öll egginn í sömu körfuna? Að styðja við og efla tæknigreinar og sprotafyrirtæki, nýtingu hreinnar orku, flytja út þekkingu. Efla íslenskan matvælaíðnað. Og jafnframt viðhalda samstöðu og samkennd síðustu vikna. Og kannski ekki síst: tileinka okkur nægjusemi.

Ræður ríkið aðalskipulaginu?



Gunnar H. Gunnarsson
verkfræðingur
í framkvæmda-
stjórn Samtaka
um betri byggð
(BB)

Vatnsmýrarsvæðið (Skildinganes, Þóróddsstaðir og Nauthóll) var fært úr Seltjarnarneshreppi til Reykjavíkur 1. janúar 1932 vegna fyrirsjáanlegs skorts á heppilegu byggingarlandi í ört stækkandi höfuðborg.

Frá stríðslokum hafa kjörnir fulltrúar og embættismenn Reykjavíkinga ráðið litlu, sem máli skiptir, um skipulag og þróun Reykjavíkur til framtíðar. „Valdið“ færðist jú til ríkisins 1946 þegar það tók yfir kjörlandi borgarbúa í Vatnsmýri undir innanlandsflugvöll fyrir Flugfélag Akureyrar. Kjörlandinu fylgdi auk þess öll lofthelgin yfir Nesinu vestan Elliðaána. Nýtt þéttbýli spratt upp umhverfis borgina (Kraginn). Höfuðborgarsvæðið (HBS) varð til.

Yfirtaka Vatnsmýrarsvæðisins var ekki eingöngu landtaka heldur um leið svipting ríkisins á veigamiklum hluta af „óskoruðu“ sjálfstæði eða fullveldi sveitarfélagsins Reykjavíkur, eiginlegt fullveldisráð. Síðan þá hefur ríkið beitt vaxandi hörku gagnvart Reykvíkingum til að halda flugstarfsemi áfram í Vatnsmýri til mikils tjóns fyrir borgarbúa og þjóðarhag á sl. 74 árum.

Ríkið og sveitarfélög í Kraganum sameinast nú um Borgarlínu og um að loka Vatnsmýri fyrir miðborgarbyggð með áframhaldandi flugstarfsemi þar til u.þ.b. 2040. Næstu 20 árgangar nýrra borgarbúa verða því að setjast að meðfram strætó-

leiðum í átt að ysta jaðri byggðarinnar.

Í lögum og reglugerðum er hvergi að finna stafkrók um að grundvallarréttindi Reykjavíkur til sjálfstjórnar í skipulagsmálum séu minni eða öðru vísi en annarra sveitarfélaga. Réttur Reykvíkinga hvarf ekki á formlegan og rekjanlegan hátt.

Athyglin beinist því að misvægi atkvæða. Ógæfa borgarbúa er nefnilega ótrúleg meðvirkni og undirgefni þingmanna og borgarfulltrúa reykviskra stjórnmalaflokka við landsbyggðaröfl. Árið 2020 eru allir flokkar í borgarstjórn Reykjavíkur og á Alþingi landsbyggðartengdir eins og verið hefur marga undangengna áratugi eða a.m.k. frá stríðslokum. Undantekning er Besti flokkurinn 2010.

Störf hinna kjörnu og stefna þeirra í málum, sem lúta að fjármögnun samgöngumannvirkja, borgarskipulagi og flugvelli í Vatnsmýri, mótast af samfélagslegri bjögun af misvægi atkvæða. Eins konar hefð hefur myndast um þennan undirlægjuhátt en margir kjörnir fulltrúar og embættismenn ríkis og borgar segjast sammála stefnu Samtaka um betri byggð (BB), en „...þetta er bara pólitískt ómögulegt“! Eða eins og þáverandi samgönguráðherra sagði 1999: „...ef flugvöllurinn fer úr Vatnsmýri verður Reykjavík of góð“!

Auðsveipni kjörinna fulltrúa Reykvíkinga er viðhaldið af landsbyggðarfulltrúum, sem ráða lögum og lofum á landsfundum flokkanna og á Alþingi með vægðarlausri misbeitingu misvægis atkvæða. Hinir kjörnu verja því eigin hagsmuni um endurkjör og hagsmuni framboða sinna um kjörfylgi af auðmýkt og fórna þannig grundvallarhagsmunum borgarbúa og þjóðarhag,



Störf hinna kjörnu og stefna þeirra í málum, sem lúta að fjármögnun samgöngumannvirkja, borgarskipulagi og flugvelli í Vatnsmýri, mótast af samfélagslegri bjögun af misvægi atkvæða.

þar sem hagsmunir borgarbúa og landsbyggðar fara í raun saman.

Vald ríkisins yfir borgarskipulaginu er hvorki raunverulegt né lögvarið heldur byggist það eingöngu á ógnarvaldi misvægis atkvæða. Það sannar stjórnartíð Besta flokksins 2010-2014, sem hafði engin pólitísk landsbyggðartengsl. Besti flokkurinn hlustaði m.a. á sjónarmið Samtaka um betri byggð (BB) og tók upp stefnu samtakanna í skipulagsmálum.

Arfleifð Besta flokksins er þokkalega gott Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 (AR2010), sem ríkjandi meirihluti í borgarstjórn Reykjavíkur vill nú breyta og laga að Svæðisskipulagi HBS og óbreyttri hugmynd um Borgarlínu (BL) undir miklum þrýsingi ríkisins og sveitarfélaga í Kraganum.

Fyrir því eru gagnsæ og gild rök að slík aðlögun muni valda Reykvíkingum, öðrum borgarbúum og landsmönnum öllum miklum skaða með áframhaldandi stjórnlausri útþenslu byggðar, auknum kostnaði, tímásóun, útblæstri CO2, mengun og glötuðum tækifærum.

Nú þurfa Reykvíkingar fyrir næstu borgarstjórnarkosningar að efna til nýs Reykjavíkurframboðs eða annars stjórnmalaafls á borgargrunni, sem gæti gjörbreytt gæfu og framtíð Reykvíkinga til hins betra.



www.102hlidarendi.is

Eitt vandaðasta hús höfuðborgarsvæðisins

Opið hús að Valshlíð 16, Arnarhlíð 2 og Smyrilshlíð Hlíðarenda, miðvikudaginn 13.maí frá kl 17:00-18:00. Aðkoma hjá Valsheimilinu.

80-100² tveggja og þriggja herbergja íbúðir
Verð frá 49.900.000 – 59.900.000 kr.

Bílastæði fylgir öllum íbúðum, Aukin lofthæð, 280 cm, gólfsíðir gluggar. Rafmagnstæki frá frá Miele.

Quartzborðplötur í eldhúsi og á baði. Einstakur garður.

Nánari upplýsingar:



Hannes Steindórsson
Lögg. fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is

**OPIÐ
HÚS**

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6. Sími: 510 7900.
www.fastlind.is · www.nyjaribudir.is



KRÝSUVÍK
MÆÐFERÐARHEIMILI

AÐALFUNDUR
KRÝSUVÍKURSAMTAKANNA

Aðalfundur Krýsuvíkursamtakanna verður haldinn
miðvikudaginn, 27. maí, kl. 17:30 í sal Samfylkingarinnar,
Strandgötu 43, Hafnarfirði.

Lögð verður fram tillaga að breytingum á lögum samtakanna.
Tillagan og dagskrá fundarins liggur fyrir á skrifstofu samtakanna.

TÍMAMÓT

Sýningin hefur lifað í tuttugu og sex ár

Stórsýning San Francisco ballettsins á Rómeó og Júlíu, eftir Helga Tómasson og undir stjórn hans, er aðgengileg áhorfendum á Íslandi öll kvöld til 25. maí, í boði Lincoln Center í New York. Hún er reglulega sett á svið í Los Angeles og er alltaf jafn vinsæl.

Íslendingar geta notið hinnar rómuðu ballettsýningar eftir Helga Tómasson um Rómeó og Júlíu á hverju kvöldi næstu þrettán kvöld á vefsíðunni lincolncenter.org - eða til og með 25. maí. Sýningarnar hefjast klukkan 21.30, öll kvöldin og það eru dansararnir í San Francisco ballettinum, undir listrænni stjórn Helga, sem flytja verkið, við tónlist Sergei Prokofiev. Í aðalhlutverkum eru Davit Karapetyan og Maria Kochetkova.

„Ballettinn Rómeó og Júlía krefst mikils sviðsútbúnaðar og við þurfum stórt svið,“ segir Helgi þegar ég heyri í honum í síma, í tilefni þessa viðburðar fyrir okkur Íslendinga. Það skýrir af hverju ekki er hægt að sýna ballettinn á Íslandi nema nota tæknina. „Hann hefur verið settur upp í Los Angeles, Washington D.C. og víðar. Ég var síðast með hann í Kaupmannahöfn í október og byrjun nóvember 2019, í óperuhúsinu þar. Það tókst alveg stórkostlega vel,“ segir Helgi. „Ég var mjög ánægður.“

Það var árið 1994 sem ballettinn var frumsýndur, að sögn höfundarins. „Sýningin hefur lifað í tuttugu og sex ár og er alltaf jafn vel sótt, ég held að vinsældirnar hafi frekar aukist en hitt. Ballettinn átti að vera í sýningu í vetur en þá var öllu lokað. Ég býst við að ef leikhúsið verður opnað á næsta ári þá fari hann í sýningar, en það liða oft tvö til þrjú ár á milli.“




Við erum ekki í borginni sjálfri heldur í sumarbústað utan við hana. Hér erum við með fallegan garð og getum gengið mikið um nágrennið, sjáum sjaldan til fólks og þegar það gerist þá vinkum við bara.

Helgi er í sjálfskipaðri sóttkví, ásamt konu sinni Marlene. En þennan dag sem ég hringi á hann fund um verkefni sem er fram undan hjá honum og hann er nýkominn úr sjónvarpsviðtali í San Francisco, ásamt tveimur dónsurum, svo eitt og annað nær hann að gera. „Við erum ekki í borginni sjálfri heldur í sumarbústað utan við hana. Hér erum við með fallegan garð og getum gengið um nágrennið, sjáum sjaldan til fólks og þegar það gerist þá vinkum við bara,“ lýsir hann glaðlega. Inntrur eftir veðrinu svarar hann: „Í gær var rúmlega 30 stiga hiti. Það er heldur of heitt fyrir mig.“

Hann kveðst reyna að fylgjast með fréttum á Íslandi. „Það er sérlega ánægjulegt hvað virðist ganga vel að ráða við COVID-19 heima,“ segir hann. „En ég velti fyrir mér hvernig Íslendingum reidir af þegar ferðamenn fara aftur að koma til landsins.“

Helgi hefur verið listrænn stjórnandi hins virta San Francisco balletts í þrjátíu og fimm



Vinsældir ballettsins Rómeó og Júlíu hafa frekar aukist með árunum en hitt, að sögn Helga Tómassonar. MYND/KATE MCKINNEY

Heimili menningarstofnana

Lincoln Center í New York er heimili menningarstofnana á borð við New York-filharmóníuna, Metropolitan-óperuna, New York-ballettinn og Juilliard listaskólann.

Frá því í lok mars hefur Lincoln Center boðið upp á friar sýningar og tónleika á netinu á heimasíðu sinni

LincolnCenter.org sem og á Facebook, Instagram, og YouTube undir nafninu Lincoln Center at Home.

Einnig stendur Lincoln Center fyrir kennslustund í nýju listformi fyrir börn á hverjum vikudegi.

ár. Hann segir síðustu vikur hafa verið erfiðar hjá ballettflokknum, eins og öðrum. „Við misstum meira en 60% af sýningatímabilinu, leikhúsið er lokað og svona verður þetta að minnsta kosti til loka maí, svo á að sjá til. En ég er alltaf með fundi á hverjum morgni og við erum afskaplega ánægð með að hafa getað streymt ballettum í hverri viku á netinu.“ gun@frettabladid.is



Maria Kochetkova er í hlutverki Júlíu í sýningunni sem streymt er til okkar. MYND/LINCOLN CENTER



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Karl S. Jónsson

bifvélavirkjameistari, Strandaseli 2, Reykjavík,

lést föstudaginn 1. maí sl. á Landspítalanum í Fossvogi.

Útförin hefur þegar farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýjar kveðjur.

Ásta S. Skaftadóttir

Harpa Sif Karlsdóttir
Erna Karlsdóttir
Ævar Karlsson

Aðalsteinn Jóhannsson
Roland Kavalirek
Ewa Radomska
og barnabörn.



Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,

Bjarni Baldursson

lést á líknardeild Landspítala fimmtudaginn 7. maí.

Í ljósi aðstæðna verður eingöngu nánasta fjölskylda viðstödd útförina sem fer fram mánudaginn 18. maí.

Hafsteinn Hafliðason
Björg Baldursdóttir
Ragnheiður Baldursdóttir
Salvar Baldursson
Ingunn Ósk Sturludóttir

Íðunn Óskarsdóttir

Hugrún Magnúsdóttir
og fjölskyldur.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og sonur,

Guðmundur Viðir Helgason

sjávarliffræðingur, Hávallagötu 46, Reykjavík,

lést á Landspítalanum laugardaginn 9. maí. Útförin auglýst síðar.

Edda Guðmundsdóttir

Helgi Hrafn Guðmundsson
Kjartan Guðmundsson
Hrafnkell Guðmundsson

Livia Stevaux
Kristín Rut Þórðardóttir
Zofia Skoroszewska
Una Katrín og Freyja
Inga Rúna Sæmundsdóttir



MIÐVIKUDAGUR 13. MAÍ 2020

Heimili



Andrés Proppé Ragnarsson, sérfræðingur í klínískri sálfræði, segir að Heimilisfriður geti hjálpað mörgum þeirra sem beita ofbeldi í nánnum samböndum við að bæta ráð sitt. Meðferðin getur meðal annars kennt fólki að hætta að beita ofbeldi og bregðast frekar öðruvísi við aðstæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ná góðum árangri gegn heimilisofbeldi

Heimilisfriður er meðferðarúrræði sem býðst þeim sem beita ofbeldi í nánnum samböndum. Þar hefur náðst góður árangur við að hjálpa fólki af öllum kynjum að taka ábyrgð á ofbeldinu og breyta hegðun sinni til hins betra. ➔2

DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI

Framhald af forsiðu ➔

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Heimilisfriður býður upp á meðferð fyrir fólk af öllum kynjum sem beitir ofbeldi í nánum samböndum. Þangað kemur bæði fólk sem er vísað þangað af yfirvöldum og líka fólk sem hefur samband af sjálfsdáðum því það vill vinna í sínum vanda-málum. Andrés Proppé Ragnar-son, sérfræðingur í klíniskri sálfræði, sem er einn þeirra sem sjá um meðferðina, segir að hún geti skilað miklum árangri og að fólk geti bætt ráð sitt.

„Í stuttu máli sagt á Heimilis-friður að skapa heimilisfrið,“ segir Andrés. „Við höfum verið starf-rækt síðan árið 1998, að visu með smá hléi. Fyrst hét þetta Karlar til ábyrgðar og í þó nokkur ár var litíð svo á að við værum bara að eiga við ofbeldi karla gegn konum. En nafninu var breytt árið 2012 þegar þetta var opnað fyrir alla.“

Niðurgreidd hjálp

„Heimilisfriður er meðferðar-tilboð fyrir gerendur í ofbeldi í nánum samböndum, óháð kyni. Hingað leita gerendur sem vilja taka ábyrgð á gjörðum sínum og breyta hegðun sinni og þá gjarnan hugsun og gildismati líka,“ segir Andrés. „Heimilisfriður er eina sérhæfða meðferðartilboðið sem er í boði fyrir gerendur á Íslandi, en það eru ýmis úrræði í boði fyrir þolendur og við erum í góðum tengslum við samtök og stofnanir sem veita þau.

Makar þeirra sem beita ofbeldi fá líka viðtöl hjá okkur, sem snúast fyrst og fremst um öryggismat,“ útskýrir Andrés. „Heimilisfriður er líka að fíkra sig áfram með para-medferð, sem hefur ekki boðist áður. En slík meðferð þarf að koma á eftir ofbeldismeðferðinni, ann-ars gagnast hún ekki. Ekki síst þar sem ofbeldið er gagnkvæmt.

Margir staldra við kostnaðinn við að fara til sálfræðings vegna vandamála sinna, en það þarf ekki í þessu tilfelli, því úrræðið er niðurgreitt af félagsmálaráðuneyt-inu. Það þarf því bara að borga



Fólk sem beitir ofbeldi í nánum samböndum hefur í langflestum tilfellum orðið fyrir eða upplifað ofbeldi í æsku og er með mikla áfallasögu sem þarf að vinna í og það getur verið mjög flókið. Þannig að þó að það sé hægt að hjálpa fólki er samt engin ein lausn sem virkar fyrir alla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

smá komugjald, en viðtal kostar 3.000 krónur. Félagsmálaráðu-neytið hefur reynst okkur vel og það er ástæða til að hrósa því fyrir þann skilning sem það hefur sýnt,“ útskýrir Andrés.

Oft mikil áfallasaga

„Hingað kemur fólk sem hefur verið að beita alls kyns gerðum af ofbeldi, svo sem líkamlegu, and-legu, fjárhagslegu og hlutaofbeldi, þar sem eignir eru skemmdar. Á bak við það geta verið ansi margir hlutir,“ segir Andrés. „Við vitum að það eru tengsl á milli þess að beita ofbeldi fullorðinn og hafa orðið

fyrir því eða upplifað það sem barn. Um 80-85 prósent gerend-anna sem koma til okkar segjast hafa orðið fyrir eða upplifað ofbeldi sem börn. Sem þýðir að við þurfum oft að vinna ansi mikla áfallavinnu til að hjálpa þeim að vinna úr því. Þetta er mjög oft fólk sem á mikla áfallasögu.“

Andrés bendir á að áhrif heimil-isofbeldis á börn séu vanmetin og það sé staðreynd að bæði þolendur og gerendur geri sér sjaldnast grein fyrir afleiðingunum sem það hefur fyrir börn.

„Það eru líka oft tengsl við vímu-efnaneyslu, sérstaklega í grófustu tilfellunum, en það er samt ekki næstum því eins algengt og að hafa upplifað ofbeldi sem barn,“ útskýrir hann. „Í báðum tilvikum er líka ekki um orsakasamhengi að ræða, heldur tengsl. Auðvitað er fullt af fólki sem verður fyrir ofbeldi sem barn en beitir aldrei ofbeldi og það er mikið af fólki sem neytir vímuefna án þess að beita ofbeldi.“

Mikilvægt að taka ábyrgð

„Stórum hluta þeirra sem koma til okkar er vísað hingað af Barna-vernd, lögreglu eða öðrum aðilum sem starfa í þessum geira, en það er líka stór hópur sem heyrir af þessu og kemur af sjálfsdáðum,“ segir Andrés. „Almennt sæð er árangurinn betri ef fólk kemur sjálft, þá er fólk með áhuga á ferl-inu og metnað til að láta það ganga frá byrjun. En hinn hópurinn nær líka finum árangri, það tekur bara lengri tíma að fá hann til að fá áhuga og metnað fyrir ferlinu.

Fólk er velkomið til okkar á öllum stigum vandans og því fyrr sem fólk kemur, því betra. Það er auðveldara að snúa við eftir að hafa beitt ofbeldi einu sinni en þegar það er orðið langtíma-mynstur,“ segir Andrés. „En ef fólk á við mikinn vímuefnavanda að stríða þarf það stundum að fara í meðferð við því áður en sálfræði-meðferðin getur farið að virka.

Um 80-85 prósent gerendanna sem koma til okkar segjast hafa orðið fyrir eða upplifað ofbeldi sem börn. Sem þýðir að við þurfum oft að vinna ansi mikla áfallavinnu til að hjálpa þeim að vinna úr því.

En oft er nú stærsta hindrunin bara að stíga það skref að hringja til okkar í síma 555 3020. Þá er viðkomandi búinn að viður-kenna að hafa beitt ofbeldi,“ segir Andrés. „Þessu fylgir nánast alltaf mikil skömm, allir skammast sín þegar þeir vita að þeir hafa gert eitthvað andstyggilegt við einhvern sem þeir elska meira en nokkurn annan en telja sig ekki ráða við það. Þess vegna er það svo stórt skref að hafa samband. Svo þarf fólk að horfa á það sem það hefur gert, taka ábyrgð og breyta hegðuninni. En þó það fylgi því mikil skömm er kosturinn við að sjá að maður gerði þetta sá að það þýðir að maður getur sjálfur breytt þessu.“

Engin ein lausn fyrir alla

Andrés segir að það skipti miklu máli að bjóða upp á svona meðferð vegna þess að hún virkar.

„Fólk getur lært að hætta að beita ofbeldi og lært að bregðast öðruvísi við aðstæðum. Kjarninn í meðferðinni er að við litum fyrst og fremst svo á að fólk beiti ofbeldi því það kann ekki annað og að það felst vanmáttur í að finnast maður þurfa að bregðast við með ofbeldi,“ segir hann. „Okkar hlutverk er að kenna fólki að gera annað og sanna að það er bæði rétt og gott.

Í því felst meðal annars að vinna

úr áfallasögu fólks og að skoða tengslamyndunina upp á nýtt, hvernig þú snýrð að hinu kyninu og hvernig gildismat og upplifun þú hefur,“ útskýrir Andrés. „Þetta er gríðarlega flókið mál og hvert mál er einstakt. Það er aldrei hægt að beita nákvæmlega sömu aðferð-inni fyrir alla, heldur þurfum við að alltaf að finna lausnir fyrir hvern og einn.“

Margir bæta ráð sitt

„Sálfræðilega er þetta flókið, en það sem skiptir máli er að við skilum ágætis árangri og það er ekki bara ég sem segi það, heldur hefur Háskóli Íslands rann-sakað árangurinn og þetta stenst skoðun,“ segir Andrés.

„Það er mjög algengt að fólk bæti ráð sitt. Við náum árangri sem er á pari á við það besta sem gerist,“ segir hann. „Við erum hluti af stærra batteríi sem heitir ATV og er starfrækt í Noregi, en það eru regnhlífarsamtök yfir svona starf á Norðurlöndunum. Við sjáum það á samanburðinum að við stöndum vel og þar sem þetta er svo sérhæft reynum við líka að þjappa saman kunnáttu og fáum handleiðslu og þjálfun þaðan.“

Andrés segir að sambönd geti einstaka sinnum náð bata eftir ofbeldi, en það gangi alls ekki alltaf. Forsenda fyrir því að það gangi er að ofbeldið hætti.

Meiri skömm hjá konum

„Kynjahlutföllin eru enn þá mjög ójöfn hjá okkur, 75 prósent þeirra sem leita til okkar eru karlar, en 25 prósent eru konur. Samkvæmt rannsóknun er þó ekki svona skarpur munur á gerendum. Þær benda til að það sé ef til vill miklu minni munur á ofbeldishegðun karla og kvenna en oft hefur verið talið,“ útskýrir Andrés.

„En ég held að það sé meiri skömm hjá konum vegna heimilis-ofbeldis og það sé hindrun sem kemur í veg fyrir að fleiri konur leiti sér aðstoðar.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið rit-stjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Torg ehf | Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördis Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

YFIRHAFNADAGAR
VIÐ SENDUM HEIM



persona by MARINA RENALDI

MaxMara

B/A/S/L/E/R

Skipholti 21 | Sími 551 0770
www.tiskan.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 13. maí 2020

19. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL


ROLEX


TUDOR


TAGHeuer


LONGINES


NOMOS
GLASHÜTTE


TISSOT




Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Fá sér ráðgjafa vegna útboðs Icelandair Arctica Finance er ráðgjafi þriggja lífeyrissjóða fyrir hlutafjárútboð Icelandair. Útilokað að Par Capital komi að endurfjármögnun félagsins.	Búast má við frekari afskriftum bankanna Landsbankinn færði umtalsvert minna af fyrirtækjalánum sínum yfir á áhættustig tvö en Arion banki og Íslandsbanki á fyrstu þremur mánuðum ársins.	Kaupaukakerfi verði byggt á arðsemi Icelandair Í tilboði til flugmanna er lagt til að innleitt verði nýtt kaupaukakerfi sem grundvallist á arðsemi félagsins. Núverandi kerfi byggir á stundvísi og eldsneytisnotkun.	Teiknaði ekki leiðina í formanninn Formaður Samtaka iðnaðarins segir að hvatar til nýsköpunar geti leitt til þess að hér verði til þrjú til fimm alþjóðleg fyrirtæki á borð við Marel og Össur á hverjum áratug.	Við erum öll í sama liði „Gjaldþrot Icelandair yrði risastórt áfall fyrir íslenska ferðaþjónustu og þar með íslenskt efnahagslíf, sem yrði í kjölfarið mun lengur að ná sér upp úr lægðinni,“ segir framkvæmdastjóri SAF.
2	6	8	10	18



Gæti tekið sjö ár að vinna upp tapið

34%

samdráttur verður í atvinnuvegafjárfestingu árið 2020 samkvæmt spánni.

Grunnsviðsmynd SA og VÍ gerir ráð fyrir 13 prósentu samdrætti íslenska hagkerfisins vegna efnahagslegra áhrifa kórónafaraldursins. Segja að boltinn sé hjá Seðlabanka Íslands. ➔ 4


» Fara þarf aftur til ársins 1920 til að finna meira en 13 prósentu samdrátt í íslensku efnahagslífi.

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímapantanir í síma 511 5800



Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK



Viðskipti með bréf Icelandair voru í tvígang stöðvuð í nóvember 2018.

Stöðva ekki viðskipti nema grunur liggi fyrir

Kauphöllin, Nasdaq Iceland, myndi einungis loka tíma-bundið fyrir viðskipti með hlutabréf Icelandair Group ef grunur lægi fyrir um ójafnræði þegar kemur að upplýsingagjöf. Þetta kemur fram í svari Kauphallarinnar við fyrirspurn Markaðarins.

Icelandair Group stefnir að því að safna allt að 200 milljónum dala, jafnvirði rúmlega 29 milljarða króna, í almennu hlutafjárútbóði sem til stendur að halda í júní. Hlutfé verður aukið um 30 milljarða og má því ætla að gengi hluta í útbóðinu verði rúmlega ein króna á hlut.

Verð hlutabréfa Icelandair í Kauphöllinni stendur nú 1,5 krónum og hefur lækkað um 39 prósent frá því að Markaðurinn greindi frá áformum félagsins um hlutafjárútbóð. Miklar sveiflur hafa verið á verði bréfanna undanfarnar vikur og veltan lítil. Viðmælendur Markaðarins hafa haft á orði að þeim finnist skjóta skökku við að bréfin hafi ekki verið sett á athugunarlista eða að ekki hafi verið lokað tíma-

» Miklar sveiflur hafa verið á verði Icelandair undanfarnar vikur og veltan sáralítill.

bundið fyrir viðskipti með þau.

Í svari Kauphallarinnar kemur fram að grunnviðmiðið sé að hafa alltaf opið fyrir viðskipti enda felist í því mikil fjárfestavernd. „Það er mikilvægt að fjárfestar eigi þess kost að stýra áhættu með kaupum og sölum, þrátt fyrir sviptingar í verðmyndun. Þetta á ekki sist við ef félag hyggur á öflun fjár á markaði. Fjárfestar hafa þá betri yfirsýn yfir þróun í félaginu áður en að útbóði kemur,“ segir í svari Kauphallarinnar.

Viðskipti með hlutabréf Icelandair voru stöðvuð í tvígang í nóvember 2018. Fyrst vegna tilkynningar um kaup félagsins á WOW air og í seinna skiptið þegar tilkynnt var að ólíklegt væri að kaupin myndu ganga eftir. – þfh

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

**NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA**

• Austurströnd 14
• Hringbraut 35

BJÖRNSEBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

Lífeyrissjóðir fá Arctica sem ráðgjafa við útboð

Verðbréfafyrirtækið Arctica Finance er ráðgjafi þriggja lífeyrissjóða fyrir hlutafjárútbóð Icelandair Group. Greina rekstur og samkeppnisumhverfi flugfélagsins. Útilokað að stærsti hluthafinn komi að endurfjármögnun.

Þrír lífeyrissjóðir sem eru á meðal stærstu hluthafa Icelandair Group hafa fengið til liðs við sig verðbréfafyrirtækið Arctica Finance sem ráðgjafa fyrir fyrirhugað hlutafjárútbóð flugfélagsins sem til stendur að halda í næsta mánuði, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Sjóðirnir þrír sem um ræðir eru Birta, Gildi og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins en þeir fara með samanlagt rúmlega 22,5 prósent hlut í Icelandair Group. Sjóðirnir gengu frá samningi við Arctica Finance í lok síðustu viku, eftir því sem heimildir blaðsins herma, og mun Bjarni Þórður Bjarnason, aðstoðarfrankvæmdastjóri verðbréfafyrirtækisins, stýra ráðgjafarvinnunni.

Vinna Arctica Finance miðar fyrst og fremst að því að greina með ítarlegum hætti fýsileika þess fyrir lífeyrissjóðina að leggja flugfélaginu til aukið fjármagn í fyrrnefndu hlutafjárútbóði.

Eins og kunnugt er áformar Icelandair Group að sækja sér allt að tvö hundruð milljónir dala, líðlega 29 milljarða króna, í útbóðinu sem verður opið bæði almenningi og fagfjárfestum. Er stefnt að því að kynna skilmála útbóðsins, útbóðsgengi og fjárhagsáætlun félagsins á hluthafafundi á föstudag í næstu viku.

Fjölmörg atriði í rekstri og rekstrarumhverfi flugfélagsins eru til skoðunar af hálfu fyrrnefndra lífeyrissjóða og ráðgjafa þeirra, að því er heimildir Markaðarins herma. Má í því sambandi meðal annars nefna mögulegt virði lendingarleyfa félagsins á alþjóðaflugvöllum, svo sem í Kaupmannahöfn, Lundúnum og New York, nú þegar flugsamgöngur í heiminum liggja nær niðri með öllu og jafnframt verðmæti hins rótgróna vörumerkis Icelandair. Viðskiptavild félagsins var sem kunnugt er færð niður um áttatíu prósent í uppgjöri þess fyrir fyrsta fjórðung ársins.

Auk þess skoða sjóðirnir ásamt ráðgjafa sínum samkeppnisstöðu Icelandair gagnvart helstu keppnautum sínum. Í því samhengi er meðal annars litið til eininga-kostnaðar félagsins á hvern sætis-kílómetra (CASK) og lagt mat á hver hann þurfi að vera til þess að félagið geti verið samkeppnishæft á flugmarkaði. Til skoðunar er enn fremur, samkvæmt heimildum Markaðarins, hvaða viðskiptamód-



Nærri 31 milljarðs króna tap var á rekstri flugfélagsins Icelandair Group á fyrsta fjórðungi þessa árs. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

29

milljarða króna stefnir Icelandair Group að til að sækja í nýtt hlutfé í útbóði í næsta mánuði.

el henti félaginu best við núverandi aðstæður.

Fyrirhugað hlutafjárútbóð Icelandair Group er mikilvægur liður í fjárhagslegri endurskipulagningu flugfélagsins en útbóðið er háð því að yfirstandandi viðræður þess við flugstéttir þess - flugmenn og flugfreyjur - skili árangri. Miðað við ganginn í þeim viðræðum er sá möguleiki fyrir hendi, eins og fulltrúi eins af stærstu hluthöfum félagsins kemst að orði, að það fari hreinlega í gjaldprot.

Auk þess að ná samningum við flugstéttir félagsins fyrir hluthafafundinn í lok næstu viku þurfa stjórnendur Icelandair Group að komast að samkomulagi við Boeing um þær MAX-þotur sem félagið hefur þegar fest kaup á. Eru væntingar um, eftir því sem Markaðurinn kemst næst, að flugfélagið geti losnað undan samningum um kaup á sjö slíkum þotum sem hafa enn ekki verið smíðaðar en hins vegar er óvist hvort félagið geti losað sig við þær MAX-þotur sem hafa staðið

óhreyfðar í kjölfar kyrrsetningar þeirra í mars í fyrra.

Umrádd mál - samningar við flugstéttir annars vegar og bandaríska flugvélaframleiðandann hins vegar - eru að sögn þeirra sem þekkja vel til. Stærstu málin sem forsvarsmenn flugfélagsins þurfa að leysa úr fyrir áður nefndan hluthafafund.

Ekki hefur verið rætt við stærsta hluthafann, PAR Capital Management, um mögulega aðkomu bandaríska fjárfestingarsjóðsins að endurfjármögnun flugfélagsins, samkvæmt heimildum Markaðarins. Er ekki gert ráð fyrir því að sjóðurinn, sem hefur selt nærri eins prósent hlut í flugfélaginu á allra síðustu vikum, taki þátt í hlutafjárútbóðinu, en hann fer með stóran hlut í fjölmörgum öðrum flugfélögum - svo sem Delta Airlines, United Airlines, Jet Blue Airwaves og Southwest Airlines - sem þurfa á aðstoð að halda.

Stjórnvöld fylgjast náið með þróun mála á vettvangi Icelandair Group en þau hafa sagst vera tilbúin til viðræðna um mögulega veitingu lánalínu eða ábyrgð á lánum til flugfélagsins að því tilskildu að félaginu takist fyrst að afla nýs hlutafjár. Ráðgjafar fyrir tækið Deloitte og hæstaréttarlögmaðurinn Jóhannes Bjarni Björnsson, einn eigenda Landslaga, hafa verið stjórnvöldum til ráðgjafar í málefnum flugfélagsins.

hordur@frettabladid.is
kristinningi@frettabladid.is

Gerði fyrirvara við ársreikning Frjálsa

Halldór Friðrik Þorsteinsson, stjórnarmaður í Frjálsa lífeyrissjóðnum, telur að ástæða hefði verið til þess að greina frá niðurfærslu á fjárfestingu sjóðsins í Bakkastakka, félagi sem heldur utan um milljarða króna fjárfestingu lífeyrissjóða og Íslandsbanka í kíliverinu PCC á Bakka við Húsavík, í ársreikningi hans - sjóðfélögum til vitneskju.

Á stjórnarfund í lok síðasta mánaðar skrifaði hann undir ársreikning lífeyrissjóðsins með fyrirvara þess efnis.

Hann tekur fram í fyrirvaranum að samanlögð varúðarniðurfærsla Frjálsa lífeyrissjóðsins á virði hlutabréfa og skuldabréfs í Bakkastakka nemi um 700 milljónum króna.

Eins og greint var frá í Markaðinum í síðasta mánuði hafa fimm



Halldór Friðrik Þorsteinsson, stjórnarmaður í Frjálsa.

» Varúðarniðurfærsla Frjálsa á virði hlutabréfa og skulds í Bakkastakka nam um 700 milljónum króna.

lífeyrissjóðir lækkað mat sitt á virði hlutafjár í kíliverinu um á bilinu 75 til 100 prósent vegna mikillar óvissu sem ríkir um starfsemi þess.

Frjálsa lífeyrissjóðurinn, sem er fimmti stærsti fjárfestirinn í Bakkastakka, færði niður virði hlutafjárins um 99 prósent auk þess sem hann færði niður virði breytanlegs skuldabréfs í félaginu um 46 prósent en skuldabréfið var áður metið á um 912 milljónir króna í bókum sjóðsins. — kij

Velkomin í fyrirtækja- kjarnann í Borgartúni 18



Í fyrirtækjakjarnanum fá lítil og meðalstór fyrirtæki þjónustu og ráðgjöf á einum stað. Þar sameinast reynslumiklir sérfræðingar bankans í fyrirtækjaþjónustu frá útibúum höfuðborgarsvæðisins.

Fyrirtækjakjarninn **opnar föstudaginn 15. maí** nk. og verður opinn kl. 11–16 alla virka daga þar til nýjar leiðbeiningar um samkomutakmarkanir verða gefnar út.

Við leggjum enn áherslu á tímabókanir og hvetjum viðskiptavinum til að bóka fund með því að panta símtal á arionbanki.is. Við hringjum til baka og festum tíma. Þjónusta vegna bókaðra funda er kl. 9–16 alla virka daga.

Arion appið er líka fyrir fyrirtæki

Í appinu er hægt að sinna allri helstu bankaþjónustu og hægt að flytja sig milli persónulegs aðgangs og fyrirtækjaaðgangs með einum smelli.

Rafrænar undirskriftir létta þér lífið

Nú geta fyrirtæki stofnað reikninga og gengið frá kaupum á þjónustu með rafrænum undirskriftum.



Draga upp dekkri mynd af stöðunni

Grunnsviðsmynd SA og VÍ gerir ráð fyrir 13 prósentu samdrætti íslenska hagkerfisins vegna efnahagslegra áhrifa kórónafaraldursins. Gæti tekið allt að sjö ár að vinna upp framleiðslutapið. Forstöðumaður efnahagssviðs SA segir boltann hjá Seðlabankanum.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Landsframleiðsla Íslands getur dregist saman um 13 prósent á árinu 2020 vegna efnahagslegra áhrifa kórónafaraldursins. Ef sú sviðsmynd rætist og hagvöxtur verður undir meðallagi á næstu árum getur tekið sjö ár að vinna upp framleiðslutapið. Þetta er á meðal þess sem kemur fram í greiningu Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs Íslands, sem telja að Seðlabanki Íslands þurfi að nota svigrúmið sem hann hefur til þess að grípa til afgerandi aðgerða.

„Óvissan er mikil um þessar mundir og staða atvinnulífsins þröng. Í ljósi þessa töldum við mikilvægt að reyna að átta okkur á hversu mikil áhrifin verða með sviðsmyndagreiningu,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, sem vann greininguna í samstarfi við Konráð S. Guðjónsson, aðalhafgræðing Viðskiptaráðs Íslands.

„Því miður hafa horfurnar verið að versna almennt undanfarnar vikur samfara því sem innlendir og erlendir hagvísar hafa verið að birtast,“ bætir Ásdís við. „Það er mikilvægt að hagstjórnin geri ráð fyrir hinu versta og taki ákvarðanir út frá því, enda kann skaðinn að vera þeim mun meiri ef ákvarðanir eru teknar á ofbjartsýnum forsendum.“

Í greiningunni eru settar fram þrjár sviðsmyndir um þróun lykilstærða í hagkerfinu: Talsvert högg, mikið högg og mjög þungt högg. Grunnsviðsmyndin er „mikið högg,“ en samkvæmt henni verður 13 prósentu samdráttur í landsframleiðslu sem samsvarar ríflega 380 milljörðum króna. Gangi spáin eftir verður ríflega 80 prósentu samdráttur í komu ferðamanna til landsins á þessu ári. Fjöldi ferðamanna á árinu verður rúmlega 360 þúsund, sem er álíka fjöldi og mældist á árinu 2004. Alls dregst þá útflutningur saman um 34 prósent.

„Fá ríki í heiminum eru útsettari fyrir áfalli í ferðaþjónustu en Ísland, ef horft er til útflutningstekna ferðaþjónustunnar sem hlutfalls af heildinni. Því verða áhrifin á íslenskt atvinnulíf líklega mun víðtækari en almennt í öðrum ríkjum. Það eru forsendur til að ætla að höggið verði það mesta sem við höfum séð í hundrað ár,“ segir Ásdís og vísar til þess að fara þurfi aftur til ársins 1920 til að finna meira en 13 prósentu samdrátt í íslensku efnahagslífi.

Viðsnúningur á efnahagshorfum mun hafa verulega neikvæð áhrif á fjárfestingar í atvinnulífinu og íbúðarhúsnæði. Atvinnuvegafjárfesting dregst saman um 34 prósent. Fjárfestingaráttak ríkisins mun dempa höggið en ekki koma í veg fyrir samdrátt í fjárfestingum, sem verður 24 prósent.

Samkvæmt grunnsviðsmyndinni dregst einkaneysla saman um 8 prósent. Um 58 prósent af neyslu heimila eru ekki hreinir nauðsynjavörur og því hefur samkomubann veruleg áhrif á neysluhegðun heimila. Þá mun atvinnuleysi fara upp í 10 prósent en jafnframt er bent á að í niðursveiflum dregur úr atvinnuþátttöku sem aftur dregur úr mældu atvinnuleysi.

Allt að 18 prósentu högg

Bjartsýna sviðsmyndin, „talsvert högg“, gerir ráð fyrir 65 prósentu fækkun ferðamanna, sem verði 700 þúsund á árinu. Fækkun þeirra, ásamt öðrum þáttum, leiði til þess að samdráttur landsfram-


Landsframleiðsla á mann á föstu verðlagi

Vísitala árið 2000=100




Hagvöxtur og framlag undirliða

Breyting milli ára og framlag til hagvaxtar




Afkoma ríkissjóðs og áætlun fyrir árið 2020

% af VLF



Mögulegur samdráttur í landsframleiðslu

ma.kr. á verðlagi 2019



Svartsýna sviðsmyndin gerir ráð fyrir allt að 18 prósentu samdrætti.

leiðslu verði um 8 prósent, jafngildi 222 milljörðum króna. Samdráttur einkaneyslu nemi 4 prósentum og samdráttur fjárfestinga 14 prósentum.


Svartsýna sviðsmyndin, „þungt högg“, gerir hins vegar ráð fyrir

að nær engir ferðamenn komi til landsins og að samdrátturinn verði því allt að 18 prósent, eða um 530 milljarðar króna. Fjárfesting dregst saman um 34 prósent og einkaneysla um 15 prósent. Þá muni atvinnuleysi fara upp í 13 prósent.

Langvarandi áhrif

Ásdís bendir á að áhrif niðursveiflunnar muni vara í einhver ár, jafnvel þótt hagkerfið nái skjótum bata.

Áætluð áhrif á rekstur ríkissjóðs v. COVID-19 ma. kr.



Hversu mörg ár mun taka að vinna upp framleiðslutapið?

Miðað við 2% árlegan hagvöxt

Talsvert högg	4 ár
Mikið högg	7 ár
Mjög þungt högg	10 ár

Miðað við 5% árlegan hagvöxt

Talsvert högg	2 ár
Mikið högg	3 ár
Mjög þungt högg	4 ár

„Það getur tekið drjúgan tíma að vinna upp framleiðslutapið eftir svona djúpa kreppu. Hversu hratt, ræðst annars vegar af því hve hratt ferðamenn snúa aftur til landsins og hins vegar hvernig atvinnulífinu mun takast að skapa ný störf á öðrum vettvangi,“ segir Ásdís.

Í greiningunni er reiknað hversu mörg ár muni taka að vinna upp framleiðslutapið að gefnum mismunandi sviðsmyndum og forsendum um hagvöxt. Ef grunnsviðs-

Það hefur lítið heyrst frá Seðlabankanum. Mikilvægt er að bankinn virki enn frekar stjórnþæki sín og þær aðgerðir sem hafa verið boðaðar á meðan ein dýpsta kreppa í íslenskri hagsögu gengur yfir.

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA



myndin rætist og landsframleiðsla dregst saman um 13 prósent á þessu ári, mun taka 3 ár að vinna upp tapið miðað við 5 prósentu árlegan hagvöxt á næstu árum. Ef gert er ráð fyrir einungis 2ja prósentu hagvexti í kjölfar 13 prósentu samdráttar á þessu ári, tekur 7 ár að vinna upp tapið.

Dekksta sviðsmyndin, þar sem landsframleiðsla dregst saman um 18 prósent og hagvöxtur er einungis 2 prósent að meðaltali á næstu árum, felur í sér að 10 ár taki að vinna upp framleiðslutapið.

Svigrúm hjá Seðlabankanum

Sviðsmyndir SA og VÍ eru almennt dekkri en aðrar spár sem hafa verið settar fram. Seðlabanki Íslands setti til að mynda fram tvær sviðsmyndir í apríl þar sem sú bjartari gerði ráð fyrir 4 prósentu samdrætti en sú dekkri gerði ráð fyrir 6 prósentu samdrætti. Þá hefur Fjármálaráðuneytið spáð 9 prósentu samdrætti og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn 7 prósentu samdrætti.

Ríkisstjórnin hefur kynnt þrjá aðgerðapakka sem ætlað er að sporna gegn efnahagslegum áhrifum kórónafaraldursins. Samkvæmt greiningunni munu aðgerðirnar og efnahagssamdrátturinn hafa neikvæð áhrif á rekstur ríkissjóðs að fjárhæð 330 milljörðum króna. Útlit er fyrir að ríkissjóður verði rekinn með halla sem nemur 14 prósentum aflandsframleiðslu, en það er mesti hallarekstur ríkissjóðs í 40 ár.

Ásdís segir að hagstjórnin þurfi að vera undir það búin að verstu spár geti orðið að veruleika, en svigrúm stjórnvalda sé takmarkað. Önýtt svigrúm sé hins vegar hjá Seðlabanka Íslands sem þurfi að grípa til afgerandi aðgerða.

„Þegar kemur að næstu aðgerðum hagstjórnar er boltinn hjá Seðlabankanum. Þrátt fyrir að bankinn hafi fyrir tveimur mánuðum lækkað stýrivexti í tvisgang eru vextir hér langtum hærri en það sem við sjáum í öðrum iðnríkjum. Seðlabankinn hefur því ónotað svigrúm, en í flestum iðnríkjum eru stýrivextir komnir niður í núll. Verðbólguhorfur og væntur framleiðsluslaka gefa ekki tilefni til annars en að stýrivextir á Íslandi lækki áfram,“ segir Ásdís.

Seðlabanki Íslands lækkaði stýrivexti í tvisgang í mars ásamt því að lækka bindiskyldu niður í núll og afnema sveiflujöfnunarauka. Seðlabankinn beitti ekki hagstjórnartækjum sínum í apríl en í fyrradag hófust kaup bankans á skuldabréfum ríkissjóðs á eftirmarkaði.

„Það hefur lítið heyrst frá Seðlabankanum. Mikilvægt er að bankinn virki enn frekar stjórnþæki sín og þær aðgerðir sem hafa verið boðaðar á meðan ein dýpsta kreppa í íslenskri hagsögu gengur yfir. Frekari vaxtalækkanir eru dæmi um almenna aðgerð sem nær til bæði heimila og fyrirtækja,“ segir Ásdís.



SKOÐAÐU
ÚRVALIÐ Á
BODLEID.IS

YEALINK FJARFUNDABÚNAÐUR HAFÐU FUNDINN Í FULLUM GÆÐUM

Yealink er traustur og öflugur fjarfundabúnaður fyrir Microsoft og Zoom umhverfi með miklum hljóðgæðum og mynd með frábærri skerpu svo allir fundarmenn fá að njóta sín – hvar í heiminum sem þeir eru.

Certified for
Microsoft Teams

Certified for
Skype for Business

PANTAÐU FUND OG SJÁÐU
HVAÐ ÞÚ GETUR SPARAÐ

Búast má við frekari afskriftum lána

Arion banki og Íslandsbanki færðu hlutfallslega svipað mikið af fyrirtækjalánum á áhættustig tvö á fyrsta fjórðungi. Tilfærslan var talsvert minni hjá Landsbankanum. Þær sviðsmyndir sem lágu til grundvallar mati bankanna á væntu útlánatapi úreltust fljótt.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Landsbankinn færði umtalsvert minna af fyrirtækjalánum sínum yfir á áhættustig tvö en Arion banki og Íslandsbanki á fyrstu þremur mánuðum ársins, samkvæmt samantekt Markaðarins. Útlán banka færast á áhættustig tvö þegar veruleg aukning hefur orðið í útlánaáhættu frá því að lánin voru fyrst veitt og ber bönkunum þá að færa lánin niður sem nemur væntu útlánatapi út líftíma þeirra.

Þær efnahagssviðsmyndir sem lágu til grundvallar mati bankanna á útlánaáhættu og væntu útlánatapi í lok fyrsta ársfjórðungs hafa nú úrelst í ljósi hratt versnandi efnahagshorfa vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar og má því leiða líkur að því að bankarnir þurfi að færa enn frekar niður virði lána sinna á næstu fjórðungum, að mati viðmælenda Markaðarins.

Sem dæmi gerir grunnsviðsmynd Íslandsbanka, sem byggist á spá bankans frá 25. mars síðastliðnum, ráð fyrir því að landsframleiðsla dragist saman um fimm prósent í ár en til samanburðar spáði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn því í síðasta mánuði að samdrátturinn í ár yrði ríflega sjö prósent.

Þá miðar grunnsviðsmynd Landsbankans við að ein milljón ferðamanna muni sækja Ísland heim í ár borið saman við nýlega sviðsmynd fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem gerir ráð fyrir að fjöldi ferðamanna verði nokkuð undir fimm hundruð þúsundum.

Í fjárfestakynningu sem Íslandsbanki gaf út í tilefni af fjórðungs-uppgjöri bankans í liðinni viku var tekið sérstaklega fram að breyttar sviðsmyndir kæmu til með að endurspeglast í virðisrýrnun útlána bankans í lok annars ársfjórðungs.

Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Arion banka, nefndi á fundi með fjárfestum í síðustu viku að í ljósi óvissunnar í efnahagsmálum „getum við ekki útilokað frekari virðisrýrnun“. Hann áréttaði þó að ekki mætti gera ráð fyrir áframhaldandi niðurfærslum að sama umfangi og á fyrsta fjórðungi.

„Þetta er sýn okkar á lánabókina eins og hún er núna,“ sagði hann.

Þá var haft eftir Lilju Björk Einarsdóttur, bankastjóra Landsbankans, í afkomutilkynningu bankans að líklegt mætti telja að „minni tekjur viðskiptavina og aukin skuldsetning muni hafa neikvæð áhrif á láns-hæfi þeirra sem leiðir til enn meiri virðisrýrnunar útlána“.

Byggja á væntu útlánatapi

Uppgjör bankanna fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins lituðust af virðisbreytingum útlána vegna áhrifa kórónaveirunnar. Mest var virðisrýrnunin hjá Landsbankanum eða um 5,2 milljarðar króna. Íslandsbanki færði niður virði útlána um 3,5 milljarða króna og hjá Arion banka nam virðisrýrnunin tæplega 2,9 milljörðum króna. Í tilfellum bankanna þriggja jafngilti virðisrýrnunin um 0,4 prósentum aflánasöfnum þeirra.

Niðurfærslurnar komu að stórum hluta til vegna svartsýnni forsendna í svonefndum IFRS 9 líkönum bankanna. Samkvæmt umræddum reikningsskilastaðli, sem tók gildi í byrjun árs 2018, verður mat á virðisrýrnun útlána að byggja á væntu útlánatapi en ekki á áorðnu útlánatapi líkt og áður var gengið út frá.



Arion banki og Íslandsbanki hafa fært stærstan hluta lána sinna til ferðabjónustunnar á stig tvö vegna aukinnar útlánaáhættu þeirra. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Erlendir bankar færa niður meira en fimmtíu milljarða dala af lánum

Bandarískir og evrópskir bankar munu líkast til færa niður virði útlána um meira en fimmtíu milljarða dala á fyrsta fjórðungi ársins, samkvæmt samantekt Financial Times, en um er að ræða umfangsmestu niðurfærslur í bankageiranum frá fjármálakreppunni á árunum 2008 til 2009.

Þó er misjafnt eftir bönkum með hvaða hætti þeir meta vænt útlánatöp en áður nefndur reikningskilastaðall IFRS 9 veitir bönkunum talsvert svigrúm við matið.

Í tilmælum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til banka álfunnar, sem fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabankans hefur sagst taka undir, er brýnt fyrir bönkunum að nýta sér umrætt svigrúm, „þannig að snögg og mikil breyting á varúðarfærslum á milli tímabila verði ekki til að draga úr lánveitingum og magna þannig niðursveiflu í hagkerfinu“.

Stofnunin segir auk þess mikilvægt að val á sviðsmyndum við matið „endurspegli að hér verður væntanlega um tímabundið ástand að ræða en meta þarf áhrifin til meðallangs og langs tíma“.

Í nýlegri umfjöllun hagfræðideildar Landsbankans er bent á að svo virðist sem norrænir bankar hafi stigið varlega til jarðar við matið í uppgjörum sínum fyrir fyrsta fjórðung ársins. Þannig hafi virðisrýrnun þeirra verið minni en margir fjárfestar hafi gert ráð fyrir.

„Bankar hafa mikið svigrúm við matið og hver og einn gerir þetta eftir sínu höfði,“ segir embættismaður í þýska fjármálaeftirlitinu í samtali við Financial Times. „Sumir afskrifa eins mikið og þeir geta ráðið við á meðan aðrir benda á óvissuna og reyna að takmarka afskriftir.“

/// Hlutfall fyrirtækjalána í þrepi tvö

	1.01.20	1.04.20
Arion banki	19%	32%
Íslandsbanki	4%	17%
Landsbankinn	10%	11%

banki mest bankanna affyrirtækjalánum á áhættustig tvö – samtals um 80 milljarða króna – á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þannig fór hlutfall fyrirtækjalána bankans á stigi tvö úr fjórum prósentum af fyrirtækjalánasafninu í lok síðasta árs í sautján prósent í lok fyrsta ársfjórðungs.

Rétt eins og Arion banki færði Íslandsbanki stærstan hluta af ferðabjónustulánum sínum á stig tvö en í lok marsmánaðar voru yfir áttatíu prósent lána bankans til atvinnugreinarinnar – upp á 75 milljarða króna – á því áhættustigi.

Minni breytingar urðu á áhættuflokkun fyrirtækjalána Landsbankans en fyrirtækjalán bankans á stigi tvö námu um ellefu prósentum af fyrirtækjalánasafni hans í lok mars borið saman við tíu prósent í árslok 2019. Færðust þannig fyrirtækjalán að virði um sautján milljarða króna á stig tvö á fyrsta fjórðungi ársins.

Hvorki kemur fram í ársreikningi né fjárfestakynningu Landsbankans hve stór hlutdeild af lánum bankans til ferðabjónustu – sem nema nærri eitt hundrað milljörðum króna – hafi verið á áhættustigi tvö í lok mars síðastliðins. Þó er tekið fram í ársreikningnum að vænt útlánatap bankans vegna lána til atvinnugreinarinnar hafi aukist úr 3,3 milljörðum króna í 5,4 milljarða króna á ársfjórðungnum.

11,6

milljarðar króna var samanlögð virðisrýrnun á útlánum viðskiptabankanna á fyrsta fjórðungi ársins.

Í nýlegri umfjöllun hagfræðideildar Landsbankans var bent á að umrætt mat – sem er í höndum bankanna sjálfra – væri huglægt og því stæðu bankar frammi fyrir erfiðum ákvörðunum í uppgjörsvinnu sinni.

Samantekt Markaðarins leiðir í ljós að Arion banki og Íslandsbanki færðu svipað mikið, hlutfallslega

séð, af fyrirtækjalánum á áhættustig tvö á fyrsta fjórðungi ársins en tilfærsla Landsbankans var hins vegar talsvert minni.

Þannig fór hlutfall þeirra fyrirtækjalána Arion banka sem eru á stigi tvö úr 19 prósentum af fyrirtækjalánasafni bankans í lok síðasta árs í 32 prósent í lok fyrsta fjórðungs. Af því má ráða að fyrirtækjalán að virði yfir fimmtíu milljarða króna hafi færst yfir á stig tvö á tímabilinu.

Þar munar mest um lán Arion banka til ferðabjónustu, sem er sú atvinnugrein sem verður fyrir hvað þýngsta högginu vegna kórónaveirunnar, en bankinn ákvað að færa slík lán að virði um 44 milljarða króna á stig tvö. Eru nú 95 prósent ferðabjónustulána bankans – um 59 milljarðar króna – á því stigi.

Ari Freyr Hermannsson, sérfræðingur hjá IFS greiningu, segir

þriggja milljarða króna niðurfærslu á útlánum bankans á fjórðungnum ekki hafa komið á óvart. Hún hafi verið í ágætu samræmi við niðurfærslur erlendra banka.

„Við gerum ráð fyrir auknum afskriftum á árinu en það er nær ómögulegt að reyna að leggja mat á umfang þeirra. Óvissan er það mikil. Það fer eftir því hvenær hagkerfi landsins tekur aftur við sér og hvernig fyrirtækin koma undan þessu mikla áfalli,“ segir hann.

Ari Freyr bendir á að Arion banki hafi fært ferðabjónustulán sín í þrep tvö vegna þess áfalls sem atvinnugreinin hefur orðið fyrir. Hafa þurfi í huga að óbein og afleidd áhrif ferðabjónustunnar á aðrar greinar séu veruleg og geti vel haft áhrif á gæði lánasafns bankans.


Áttatíu milljarðar á stig tvö Í fjárhæðum talið færði Íslands-

Við sýnum ábyrgð og stöndum með almannavörnum

Við höfum skipt verslunum okkar á höfuðborgarsvæðinu í nokkur afmörkuð svæði fyrir viðskiptavinum okkar. Hvert svæði hefur séringgang og ekki er hægt að fara á milli þeirra nema í gegnum inngang hvers svæðis fyrir sig. Að tilmælum yfirvalda gætum við þess að einungis 50 einstaklingar eru inni á hverju svæði á hverjum tíma.

Við höfum stóraukið þrif í öllum verslunum okkar og hafa viðskiptavinir aðgang að handspritti víða. Allar kerrur og aðrir snertifletir eru sótthreinsaðir reglulega af starfsfólki.

Sjá afgreiðslutíma BYKO á byko.is



Verslaðu í vefverslun BYKO

SENT ALLA DAGA HEIM



Pantaðu fyrir **kl. 14:00 alla daga vikunnar** og þú færð vöruna **samdægurs** á höfuðborgarsvæðinu. Frí heimsending er á pöntunum yfir 20.000 kr



Það er líka enn hægt að

PANTA & SÆKJA í BYKO Breidd

Hægt er að sækja pantanir í BYKO Breidd við vörumóttöku við suður-gafl á afgreiðslutíma verslunar.

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka.

Grunnrekstur Arion á siglingu

Greinandi Capacent hefur lækkað verðmat sitt á bankanum um rúmlega 5,5 prósent. Verðmatið er nú 162,3 milljarðar en fyrra mat hljóðaði upp á 172 milljarða. Verðmatsgengið er nú 94, um 45 prósentum yfir markaðsgengi, en það var 97.

Tap var af rekstri Arion banka eftir skatt sem nam tæplega 2,2 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi 2020 og arðsemi eigin fjár var neikvæð upp á 4,6 prósent. Greinandi Capacent bendir hins vegar á að Arion banki sé á mikilli siglingu þegar kemur að grunnrekstrinum.

» Verðmatið er nú 162,3 milljarðar en fyrra mat nam 172 milljörðum króna.

„Mikill bati var í grunnrekstri og ljóst að grunnrekstur er að skila bankanum um 8 prósentar arðsemi eiginfjár líkt og gert var ráð fyrir,“ skrifar greinandi Capacent og bætir við að undir venjulegum kringumstæðum hefði verðmatsgengi hækkað lítillega. Kórónafaraldurinn hafi hins vegar haft neikvæð áhrif á rekstur bankans líkt og rekstur flestra fyrirtækja á Íslandi.

Greinandinn rekur að tap af verðbréfaeignum, virðisrýrnun útlána og tap vegna dótturfélaga hafi leikið bankann grátt. Ef lítið væri fram hjá virðisrýrnun og tapi dótturfélaga hefði reksturinn skilað 2 milljarða króna hagnaði. Þá hefði hagnaðurinn numið 3,6 milljörðum sem samsvorar 7,6 prósentar arðsemi ef lítið væri fram hjá tapi af verðbréfum.

„Það er þó ekki raunhæft að eignir skili engri afkomu. Ef gert er ráð fyrir 2 prósentar ávöxtun verðbréfa eða svipaðri og á ríkisskuldabréfum, hefði afkoma grunnrekstrar verið um 4 milljarðar króna og arðsemi eigin fjár verið 8,5 prósent,“ segir í greiningunni. – þfh

Kaupaukar flugmanna verði byggðir á arðsemi Icelandair

Í tilboði Icelandair til flugmanna félagsins er lagt til að innleitt verði nýtt kaupaukakerfi sem grundvallist á arðsemi félagsins. Núverandi kerfi byggir á stundvísí og eldsneytisnotkun. Meðalgreiðslur hefðu verið hærri samkvæmt nýja kerfinu 2012 til 2016. Krafa um aukinn flug tíma er einn ásteytingarsteinn.

Stjórnendur Icelandair leggja til að í stað þess að flugmönnum félagsins verði greiddur kaupauki vegna stundvísí og lágmörkun eldsneytisnotkunar, fái þeir tiltekna hlutdeild í rekstrarhagnaði flugfélagsins. Slíkt fyrirkomulag tengi beint saman fjárhagslegan ávinning félagsins og flugmannanna.

Í tilboði sem fulltrúar flugfélagsins hafa lagt fyrir samninganefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna er þannig gert ráð fyrir því að núverandi kaupaukakerfi flugmanna félagsins verði breytt í grundvallaratriðum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Kaupaukakerfið byggir eins og áður sagði á stundvísí og eldsneytisnýtingu en stjórnendur Icelandair telja ekki heppilegt, eftir því sem heimildir Markaðarins herma, að launagreiðslur séu tengdar slíkum öryggistengdum þáttum. Til viðbótar hafi útreikningar á kaupauka verið flóknir og ógagnsæir.

Kaupaukakerfið sem Icelandair leggur til að verði innleitt, virkar með þeim hætti að 3,6 prósent af öllum rekstrarhagnaði félagsins umfram lágmarksarðsemi - sem er skilgreind sem 3,5 prósentar rekstrarhagnaðarhlutfall - renni í pott sem verði dreift til flugmanna í hlutfalli við starfshlutfall þeirra og grunnlaun.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hefði nýja kerfið skilað flugmönnum Icelandair örlítið lægri greiðslum að meðaltali en núverandi kerfi á árunum 2012 til 2019. Þannig hefðu árlegar meðalgreiðslur til flugmanna samkvæmt nýja kerfinu numið að meðaltali um 413 þúsundum króna á tímabilinu til samanburðar við 437 þúsund krónur samkvæmt núverandi kaupaukakerfi.

Meðalgreiðslurnar hefðu verið hærri samkvæmt nýja kerfinu á



Icelandair leggur áherslu á að auka meðalflugtíma flugmanna félagsins um nærri 13%. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

13%

yrði fjölgun meðalflugtíma flugmanna Icelandair á ársgrundvelli samkvæmt tilboði Icelandair.

árunum 2012 til 2016 en lægri á undanförunum þremur árum.

Í tilboði Icelandair til flugmanna eru auk þess lagðar til nokkrar breytingar á núverandi kjarasamningi svo fjölga megi vinnustundum flugmanna, eins og Fréttablaðið fjallaði um í gær, en með breytingunum myndi meðalflugtímum þeirra fjölga um sem nemur einu flugi til Evrópu í hverjum mánuði.

Þannig leggur félagið til, samkvæmt heimildum Markaðarins, að

úr núverandi kjarasamningi verði felld ákvæði um hámarksflugtíma, ákvæði um auka tveggja klukkustunda hvíldartíma þegar hvíld er tekin í heimahöfn og ákvæði um að bæta skuli við hvíldartíma tímamismun á milli þeirra staða þar sem áhöfn fær hvíld og tók síðast hvíld.

Jafnframt hefur Icelandair meðal annars lagt til að flugmenn félagsins muni geta gengið að einu helgarfria vísu í mánuði í stað eins og hálf helgarfris auk viðbótarhelgarfris þriðja hvern mánuð.

Er umrædd krafa stjórnenda flugfélagsins 0um aukinn flugtíma flugmanna einn helsti ásteytingarsteinninn í kjaraviðræðunum, að sögn þeirra sem þekkja vel til mála.

Miðað við núgildandi kjarasamning flugmanna Icelandair er meðalfjöldi flugtíma þeirra 585 á ári - sé miðað við efri mörk miðað við leiðakerfi flugfélagsins - en

samkvæmt tilboði félagsins færi meðalfjöldinn í 660, eftir því sem heimildir blaðsins herma.

Telur félagið þannig að með breytingunum yrði flugfélagið samkeppnishæft við keppinauta þegar kemur að vinnuframlagi flugmanna.

Núverandi samningur við flugmenn Icelandair rennur sem kunnugt er út í haust og hafa forsvarsmenn flugfélagsins sagt nauðsynlegt að gera á honum breytingar til lengri tíma til þess að tryggja samkeppnishæfni félagsins.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hljóðar tilboð félagsins að nýjum samningi, til fimm ára, upp á að engar launahækkanir komi til tals fyrstu tvö árin en síðan hækki laun um 2,5 til 3,5 prósent á ári á árunum 2023 til 2025.

hordur@frettabladid.is kristinningi@frettabladid.is

Opel Grandland X Frábær ferðafélagi!

Verð frá 3.990.000 kr. Takmarkað magn

Bílabúð Benna hækkar ekki verð

Bíll með fyrirvara um mynd- og textabréng.



FRYSTUM
GENGIÐ



THE FUTURE IS EVERYONE'S

opel.is

Reykjavík
Krókhálsi 9
Sími: 590 2020

Opið
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opið
Virka daga 12–17

Bílabúð
Benna

Ennþá meira úrval af listavörum

WorkPlus
Strigar frá kr. 195



Kolibri penslar
Handgerðir þýskir penslar
í hæsta gæðaflokki
á afar hagstæðu verði



kolibri®

Kolibri trönur
í miklu úrvali, gæða-
vara á góðu verði



AMSTERDAM
dream + create

van Gogh
The Quality Brand

REMBRANDT
The Professional Choice



Listverslun.is



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Árni Sigurjónsson, nýkjörinn formaður Samtaka iðnaðarins, segir að iðnaður hafi staðið undir fjórðungi af landsframleiðslu í fyrra. „Atvinnugreinin er því Íslandi afar mikilvæg.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Teiknaði ekki leiðina í formanninn

Formaður Samtaka iðnaðarins segir að hvatar til nýsköpunar geti leitt til þess að hér verði til þrjú til fimm alþjóðleg fyrirtæki á borð við Marel og Össur á hverjum áratug. Hann segir að óskandi væri ef það tækist að þróa vinnumarkaðsmódelið í rétta átt.

Helgi Vífill
Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Ég hafði ekki sérstakan metnað til að verða formaður Samtaka iðnaðarins eða teiknað leiðina í formanns- stólinn í huganum. Alls ekki, segir Árni Sigurjónsson, yfir- lögfræðingur Marel, sem nýlega var kjörinn formaður samtakanna.

„Það var ljóst að Guðrún Haf- steinsdóttir myndi stíga til hliðar eftir að hafa gegnt embættinu í sex ár. Reglur samtakanna, sem mér hugnast afar vel, kveða á um að stjórnarmenn megi einungis sitja samfleytt í sex ár og sami hámarks- árafjöldi gildir um stjórnarfor- manninn.

Þegar það styttist í að Guðrún myndi hætta fór síminn að hringja og fjölmargir félagsmenn skoruðu á mig að bjóða mig fram. Suma þeirra þekkti ég vel og aðra ekki. Ég er í fjölbreyttu og krefjandi starfi og á stóra fjölskyldu. Það að vera formaður samtakanna útheimtir jafnan mikla vinnu. Ég þurfti því að velta því fyrir mér hvernig áskor- unin horfði við mér og ræða við

Samtökin áttu tæpa sex milljarða

Verðbréfaeign Samtaka iðnaðar- ins nam rúmlega 5,6 milljörðum króna í árslok 2019. Tekjur af fjárfestingum námu 1,1 milljarði króna í fyrra og jukust þær um meira en 800 milljónir á milli ára. Akkur SI heldur utan um eignirnar. Árni segir að eignasafn Akks SI sé vel dreift í skráðum innlendum hlutabréfum og erlendum skuldabréfum.

Hvernig kemur það til að Samtök iðnaðarins sitja á svona miklum eignum?

„Sagan á bak við fjárfestinga- eignirnar er nokkuð mögnuð. Fyrir mörgum áratugum gáfu

félagsmenn samtökunum hlut í Iðnaðarbanka að gjöf. Árið 1990 sameinaðist hann Alþýðubanka, Útvegsbanka og Verzlunarbanka og úr varð Íslandsbanki. Á ein- hverjum tím punkti ákváðu for- sjálar forystumenn samtakanna að selja hlutabréfin í bankanum og eiga frekar vel dreift safn af verðbréfum. Það hefur ávaxtast í áranna rás og gerir það að verkum að Samtök iðnaðarins geta verið með jafn öfluga starf- semi og raun ber vitni, við erum með marga sérfræðinga í vinnu – samtökin eru nú með tæplega 20 manns í vinnu – í ljósi þess að

við erum með borð fyrir báru. Að sjálfsögðu sveiflast tekjur af eignasafninu á milli ára. Árið í fyrra var einstaklega gott.

Félagsgjöldin standa ekki undir öllum rekstri samtakanna en fyrrnefnd gjöf og ávöxtun hennar í áranna rás gerir okkur kleift að halda úti öflugu starfi án þess að hækka félagsgjöldin. Félags- gjöldin eru tekjutengd og því er viðbúið að þau muni dragast saman í ár. Að því sögðu er reksturinn í föstum skorðum, velt er við hverri krónu og því höfum til dæmis hagrætt í rekstrinum á undanförnum árum.“

„Það var fjölbreyttur hópur félagsmanna, jafnt samstarfsmenn mínir hjá Marel sem og félagsmenn í ólíkum greinum iðnaðar sem höfðu orð á þessu við mig. Sigsteinn Grét- arsson sem var framkvæmdastjóri hjá Marel hafði setið í stjórninni og var að hætta eftir sex ára setu. Ýmsum þótti greinilega mikilvægt að kalla eftir áframhaldandi starfs- kröftum frá Marel innan stjórnar Samtaka iðnaðarins, og ég fékk góða kosningu inn í stjórnina.

Okkar félagsmenn reikna með 20-40 prósentu samdrætti á árinu og sumir horfa á jafnvel svartari stöðu.

varaformanns. Hvers vegna er það? Hver eru verkefnin?

„Starfslýsing formanns Sam- taka iðnaðarins er vitanlega ekki meitluð í stein og að einhverju leyti á valdi hvers formanns fyrir sig að móta hana. Embætti formanns er þó umfangsmeira en annarra stjórnar- manna þar sem hann er málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd. Undir það falla meðal annars samskipti við stjórnvöld, fjölmiðla og auðvitað félagsmenn samtak- anna eins og kostur er. Þá kemur formaður fram fyrir hönd stjórnar gagnvart framkvæmdastjóra og því eiga sér stað að jafnaði mikil sam- skipti og samstarf milli formanns og framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna ef því er að skipta.

Samtök iðnaðarins standa jafn- framt fyrir fjölmörgum fundum og viðburðum þar sem gera má ráð fyrir að formaður annaðhvort taki þátt eða sé að minnsta kosti við-

Þú nefndir að embætti formanns væri mun tímafrekara en til dæmis

Félagsmálatróll frá Vík í Mýrdal

Árni Sigurjónsson, yfirlögfræðingur Marel, er 41 árs og á fjögur börn með eiginkonu sinni Guðrúnu Þóru Mogensen. „Ég er fæddur og uppalinn í Vík í Mýrdal og bjó þar fyrstu sex ár ævi minnar. Við fluttum í bæinn þegar faðir minn fór í lðnskólann í Reykjavík til að ljúka meistaraþrófi í húsasmiði. Þá hafði hann nýlokið við að reisa hús fyrir fjölskylduna fyrir austan en hlutirnir æxluðust með þeim hætti að við fluttum ekki aftur

og höfum búið í Reykjavík síðan,“ segir hann.

„Við tók hefðbundin skóla-ganga. Ég gekk í Fossvogsskóla og Réttarholtsskóla. Þaðan lá leiðin í Verslunarskólann og loks nam ég lögfræði við Háskóla Íslands. Að námi loknu árið 2003 bauðst mér starf hjá Logos, stærstu lögmannsstofu landsins. Ég sinnti þar nær eingöngu störfum fyrir viðskiptalífið og skömmu seinna fór ég í eins árs meistaranám

í fjármála- og félagarétti við London School of Economics.

Árið 2007 þáði ég boð um að ganga til liðs við fyrrverandi samstarfsmann hjá Logos til Straums fjárfestingabanka og árið 2009 réði ég mig til Marel. Í störfum mínum fyrir Marel fæ ég tækifæri til að móta verkefni frá byrjun og vera nær rekstrinum og ákvarðanatökunni. Það að starfa innan fyrirtækis veitir tækifæri til að hafa áhrif á fleiri þætti og

er mun fjölbreyttara starf en í lögmennsku. Með árunum hefur starfssviðið innan Marel svo breikkað og ábyrgðin aukist samfara því.

Ég hef alla tíð haft áhuga á að hafa áhrif á nærumhverfi mitt til góðs og hef tekið virkan þátt í hvers konar félagsmálum. Sem dæmi var ég á sínum tíma forseti nemendafélagsins í Verslunar-skólanum og varaformaður Orators, félags laganema,“ segir Árni.

Til að koma sprotum á legg þarf að skapa umhverfi sem er samkeppnishæft við önnur lönd. Við eigum í samkeppni við allan heiminn á þessu sviði.

ingariðnað sem þegar hafði fundið fyrir kólnun og veldur ýmsum erfiðleikum í framleiðsluiðnaði en tekjur hafa aukist, til dæmis hjá sumum hugbúnaðar- og upplýsingatækni-fyrirtækjum.

Leikjaiðnaðurinn, sem er innan okkar vébanda, hefur til dæmis notið góðs af því að fólk er mikið heima við. Þar hafa tekjur aukist hratt. Sömu sögu er að segja affyrirtækjum sem bjóða upp á tæknilausnir, til dæmis fyrir fjarfundi.

Það er sláandi hvað atvinnuleysi er orðið mikið. Síðustu mánaðamót voru afar erfið. Hið jákvæða er að efnahagur landsins er í góðri stöðu til að takast á við vandann. Blessunarlega herjaði kórónaveiran ekki á heimshagkerfið árið 2010. Þá vorum við Íslendingar enn að vinna úr bankahruninu og skuldir voru miklar. Sú barátta hefði reynst okkur erfið.

Áskorunin sem við stöndum frammi fyrir er mikil. Það er of snemmt að spá fyrir um framhaldið. Óvissan er enn of mikil. En við megum vera bjartsýn. Við Íslendingar erum kreppuþolin þjóð og því miður býsna vön óstöðugleika. Við höfum sigrast á mörgum kreppum í gegnum tíðina. Það ríkir mikil samheldni í samfélaginu enda erum við öll saman í þessu. Það þýðir ekkert annað en að bretta upp ermar og byrja að moka.“

Hvað þykir þér um viðbrögð ríkisstjórnarinnar við kórónaveirunni?

„Viðbrögð ríkisstjórnarinnar hafa verið góð. Aðgerðirnar eru skynsamlegar þó allar líkur séu á því að meira þurfi til. Við höfum komið til-lögum okkar og sjónarmiðum vel á framfæri við stjórnvöld.“

Hver eru þau?

„Við höfum lagt áherslu á mikilvægi þess að fjárfesta í innviðum, efla nýsköpun og bæta aðgengi fyrirtækja að lánsfé. Samkvæmt skýrslu sem Samtök iðnaðarins gáfu út árið 2017 var uppsöfnuð viðhaldsþörf innviða áætluð 372 milljarðar króna. Það þarf því að gera mun betur á því sviði. Viðhaldsþörfina má ekki einungis rekja til þess að hið opinbera hafi haldið að sér höndum á árunum eftir hrun heldur er til dæmis aukid álag á þjóðvegi, flugvelli og flutningskerfi raforku. Nú er lag til að spýta í. Það er lykilatíriði til að koma hjólum atvinnulífsins af stað.“

Árni segir að verslun hafi aukist verulega strax eftir að samkomubannið var rýmkað. Sömu sögu sé að segja af ýmiss konar þjónustu. Umsvif verktaka séu háð því að ráðist sé í framkvæmdir. Ekki sé nóg að ríkið sé í framkvæmdum heldur þurfi verkefni frá almenningi einnig að koma til. „Þess vegna höfum við lagt áherslu á átakið Allir vinna en þá endurgreiðir ríkið almenn- ingi virðisaukaskatt af kostnaði af vinnu iðnarmanna. Alþingi hefur leitt átakið í lög. Ríkisstjórnin hefur kynnt til sögunnar marga litla hvata sem geta skipt sköpum á erfiðum tímum.

Stýrivextir hafa lækkað hratt að undanförmu og því ber að fagna. En

Tröllatrú á atvinnulífinu

Hvernig horfir efnahagur fyrirtækja sem eru í Samtökum iðnaðarins við þér þegar kórónaveiran er á bak og burt?

„Staða þeirra verður afar misjöfn. Okkar félagsmenn reikna með 20-40 prósenta samdrætti á árinu og sumir horfa á jafnvel svartari stöðu. Mikill samdráttur í tekjum rýrir mjög eigið fé og getur kallað á aukna skuldsetningu. Sum fyrirtæki hafa blessunarlega borð fyrir báru. Önnur ekki og eiga því erfitt um vik að takast á við skyndilegt tekjufall. Þau munu þurfa að bregðast við með verulegu aðhaldi í rekstri.

Ég er bjartsýnn að eðlisfari og hef tröllatrú á íslensku atvinnu-lífi, að því gefnu að ástandið muni vara í tiltölulega skamman tíma. Ef það dregst langt fram á haust eða vetur fækkar þeim aðgerðum sem hið opinbera getur gripið til við að aðstoða atvinnulífið og óvissan verður meiri og kreppan dýpri.

Ef okkur tekst að komast í gegnum skaflinn tiltölulega hratt verður staða Íslands sterk til langs tíma litið,“ segir hann.

Árni segir að íslenskt atvinnu-líf vanti fleiri stöðir. „Við höfum einblint á eina atvinnugrein í einu til að bæta okkur, eins og sjávarútveg, fjármálaþjónustu og ferða-mennsku. Nú þurfa allar atvinnu-greinar landsins að taka höndum saman og vinna að því að þessi áratug verði áratugur nýsköpunar. Það er leiðin fram á við.

Við höfum mikla trú á að Ísland geti staðið framarlega í nýsköpun. Mikilvægt skref í þá átt var sú ákvörðun stjórnvalda að hækka hlutfall endurgreiðslu á rann-sóknar- og þróunarkostnaði úr 20 í allt að 35 prósent og heildarþak á greiðslur til hvers fyrirtækis fór úr 600 í 1.100 milljónir króna.“

Hvað þurfum við að gera til að ná árangri í nýsköpun? Fjölmenn lág-launalönd eins og Kína og Indland hafa metnað til að láta til sín taka á þessu sviði. Þar eru margir góðir námsmenn sem skiptir tæknifyrirtæki máli.

„Þau hafa fólksfjöldann fram yfir okkur en við höfum aðra kosti. Smæðin getur reynst sóknarfæri. Taka má Marel sem dæmi. Fyrirtækið náði árangri vegna náinnar samvinnu við viðskiptavininn að þróun lausna. Nándin og samvinnan er mikil hér á landi.

Til að koma sprotum á legg þarf að skapa umhverfi sem er samkeppnishæft við önnur lönd. Við eigum í samkeppni við allan heiminn á þessu sviði. Þess vegna þurfa lög og reglur að vera skynsamleg, styrkjaumhverfið þarf að vera gagnsætt, aðgengilegt og styðja við fyrirtækin. Endurgreiðsla á rann-sóknar- og þróunarkostnaði skiptir hér til dæmis miklu máli og auknir hvatar til nýsköpunar sem urðu að veruleika nú í vikunni geta gert það að verkum að hér verði til þrjú til fimm alþjóðleg fyrirtæki á borð við Marel, Össur og CCP á hverjum áratug í stað þess að eitt eða jafnvel ekkert slíkt félag verði til.

Ég segi óhikað að samfélags-

Má engan tíma missa

Er menntakerfið að spila með og stuðla að því að nemendur hafi þá þekkingu sem til þarf til að ná árangri í nýsköpun?

„Já, menntakerfið leggur sitt af mörkum en það má gera enn betur. Það þarf að færa menntakerfið nær nútímanum. En skólakerfið hefur tekið stórt stökk þegar kemur að tæknimálum. Sömuleiðis hefur verið gert stórátak í iðn- og starfs-námi og erum við í samstarfi við menntamálaráðuneytið um umbætur í þeim málum.

Samtök iðnaðarins hafa lagt mikla áherslu á menntamálin. Við beitum okkur bæði með almennri stefnumörkun í menntamálum og einnig í gegnum eignarhluti Samtaka iðnaðarins í Tækniskólanum og Háskólanum í Reykjavík. Það hefur tekið langan tíma að bæta menntakerfið og við munum halda áfram að beita okkur fyrir nauðsynlegum breytingum. Það má samt engan tíma missa í þeirri vinnu. Skólar í öðrum löndum taka framförum og það bitnar á samkeppnishæfni okkar til að keppa alþjóðlega.“

Árni leggur ríka áherslu á að það sé mikilvægt að íslensk fyrirtæki geti ráðið erlenda sérfræðinga sem geti miðlað þekkingu til samstarfsmanna. „Við megum ekki gleyma því að við erum einungis um 360 þúsund á Íslandi. Stundum höldum við að við séum mun fleiri! Erlendir sérfræðingar hafa mikið fram að færa og kenna og leiðbeina samstarfsfólki sínu, sem skilar sér margfalt til baka.“

Þá komum við aftur að menntakerfinu. Það er eflaust ljón í veg-inum fyrir hóp erlendra sérfræðinga sem vilja flytja til Íslands í faein ár með börnin sín að öll kennsla í skól-unum sé á íslensku?

„Það hefur sem betur fer verið að breytast. Eitt dæmi um slíkt er Alþjóðaskólinn, sem er alþjóðlegur grunnskóli sem stofnaður var árið 2004 og er í Garðabæ. Sá skóli býður bæði upp á tvítýngda og enska námsbraut. Eins hefur orðið vakning hvað þetta varðar í nokkrum framhaldsskólum.“

Árni bendir á að fyrir hvert stórt tæknifyrirtæki sem kemst á legg spretti fram fjöldi sprota sem fyrrverandi starfsmenn fyrirtækjanna stofni. Oft og tíðum á grunni reynslu sem þeir öðluðust hjá vinnuveitandanum sem náð hafði langt á sínu sviði. „Stórt tæknifyrirtæki getur því af sér mörg önnur fyrirtæki. Það sýnir reynslan frá Marel, Össuri og CCP. Það skapar fjölbreytni og rennir fleiri stöðum undir atvinnulífið.“

Gerbreytt staða

Er lífskjarasamningurinn brostinn eftir að kórónaveiran blossaði upp?

„Staðan á vinnumarkaði er erfið, eins og öllum ætti að vera ljóst. Lífskjarasamningurinn var mikilvægt skref fyrir ári síðan en við horfum á gjörbreytt landslag í dag. Það væri óskandi að okkur tækist að halda áfram að þróa vinnumarkaðsmódelið í rétta átt. Við megum ekki festast í sömu leiðum og hafa leitt

til þess að það blossi upp deilur og verkföll með reglulegum hætti. Á sama tíma ríkir friður á vinnumarkaði á hinum Norðurlöndunum. Þau hafa borið gæfu til að hækka laun með skynsömum hætti. Þar eru launahækkanir mun lægri en hér hefur verið samið um og markmiðin skýr. Það hefur reynst launþegum og atvinnulífinu vel enda ríkir þar meiri efnahagslegur stöðugleiki en hér.“

Hluti atvinnurekenda hefði í reynd þurft að greiða starfsmönnum lægri laun en þess í stað er þeim gert að greiða þeim hærri laun í þessu árferði?

„Það er staðan. Þess vegna voru það vonbrigði að ASÍ skyldi hafna umleitun Samtaka atvinnulífsins um að fresta launahækkunum eða bregðast við aðstæðum með einhverjum hætti. Mörg fyrirtæki höfðu ekki efni á launahækkunum.“

Burtsèð frá áhrifum kórónaveirunnar á efnahagslífið. Hvaða mál vilt þú setja á oddinn sem formaður Samtaka iðnaðarins?

„Ég hef verið afar ánægður með stefnu samtakanna og mun starfa áfram eftir henni. Við höfum lagt ríka áhersla á nýsköpun, menntun, innviðið og betra starfsumhverfi með því að gera það sveigjanlegra og ná fram stöðugleika. Atvinnurekendur þurfa stöðugleika í rekstri. Takist að koma á stöðugleika mun það leiða til aukins hagvaxtar því fyrirtækin munu geta ráðist í frekari fjárfestingar og aukid framleiðni. Í sveiflukenndu rekstrarumhverfi eiga stjórnendur fyrirtækja það til að halda að sér höndum til að lenda ekki í þeim aðstæðum að hafa fjárfest ríkulega skömmu fyrir samdráttarskeið. Það getur reynst öllum rekstri skeinuhætt.

Þegar kórónaveiran er á bak og burt kann að vera að við sem þjóð förum í sjálfskoðun og spyrjum: Hvar erum við stödd, hvað höfum við gert vel og hvað getum við gert betur? Á þessum tímapunkti ættu stjórnvöld og atvinnulífið að horfa til framtíðar og leiða saman hesta sína með það fyrir augum að móta heildstæða atvinnustefnu. Það verður einstakt tækifæri fyrir Ísland að ráðast í þá vinnu.“

Raunhæfar lausnir

Hversu móttækileg eru stjórnvöld fyrir sjónarmiðum hagsmunasamtaka?

„Það er örugglega allur gangur á því. Hvað okkur varðar, leggjum við mikla vinnu og metnað í að brjóta málin til mergjar og átta okkur á hvað er raunhæft að fara fram á við stjórnvöld. Þannig ræðum við ekki eingöngu vandamálin sem við okkur blasa heldur leggjum líka til raunhæfar og rökstuddar lausnir. Hinn valkosturinn væri að ýta hlutum blindandi á undan okkur án nægilegs undirbúnings og yfirveg-unar og krefjast gríðarlegra úrbóta. Þetta snýst um að eiga gott og uppbyggilegt samtal við ýmsa aðila, eins og alþingismenn, stjórnkerfið og launþegahreyfinguna. Ég tel almennt að fólk kunni að meta það hve úthugsaðar og vel rökstuddar tillögur okkar eru.

Við berum hag þjóðarinnar fyrir brjósti, hagsmunir atvinnulífs og þjóðfélagsins eru samofnir. Að sjálf-söguð nást ekki allar okkar tillögur í gegn en það er mikilvægt að vekja athygli á sjónarmiðum iðnaðarins. Hafa ber í huga að dropinn holar steininn.“

Hlutfé aukið um 500 milljónir vegna kaupa á Viðskiptahúsinu

Hlutfé Íslenskra verðbréfa var aukið um 500 milljónir króna í fyrra vegna kaupa verðbréfafyrirtækisins á Viðskiptahúsinu, eftir því sem fram kemur í nýjum ársreikningi fyrrnefnda félagsins.

Stjórn Íslenskra verðbréfa nýtti sér heimild til hlutafjáraukningarinnar í kjölfar þess að öllum fyrirvörum vegna kaupanna var aflétt í lok maí í fyrra.

Markmiðið með kaupunum var, eins og sagði í tilkynningu frá verðbréfafyrirtækinu, að „skapa sérhæft fjármálafyrirtæki í eignastýringu, miðlun og ráðgjöf með sérstöðu í staðsetningu utan höfuðborgar-

svæðisins og atvinnulífssérhæfingu“. Viðskiptahúsið hefur meðal annars sérhæft sig í ráðgjöf og þjónustu til fyrirtækja í sjávarútvegi.

Við kaupin eignaðist fyrrverandi eigandi Viðskiptahússins, félagið Björg Capital í eigu Þorbjargar Stefánsdóttur, helmingshlut í Íslenskum verðbréfum en Þorbjörg er eiginkona Jóhanns M. Ólafssonar, stofnanda Viðskiptahússins og núverandi forstjóra Íslenskra verðbréfa.

Tap varð á rekstri Íslenskra verðbréfa upp á 88 milljónir króna í fyrra, samkvæmt ársreikningnum, borið saman við 68 milljóna króna tap árið áður.

Heildartekjur verðbréfafyrirtæk-

isins voru um 707 milljónir króna í fyrra og jukust um 23 prósent frá árinu 2018 en rekstrargjöld þess voru 813 milljónir króna á síðasta ári borið saman við 695 milljónir króna árið 2018.

Í ársreikningnum er tekið fram að verulegur kostnaður hafi fallið til í fyrra vegna umfangsmikilla hagræðingaraðgerða en það er mat stjórnenda Íslenskra verðbréfa að aðgerðirnar muni draga úr kostnaði sem nemur um 150 milljónum króna á þessu ári miðað við síðasta ár.

Samstæðan var með eignir í stýringu upp á tæplega 97 milljarða króna í lok síðasta árs. – kij



Gengið var frá kaupum á Viðskiptahúsinu í maí í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Margit Robertet er framkvæmdastjóri Freyju framtakssjóðs.

Fjárfesti fyrir 520 milljónir króna í Ísmar

Freyja framtakssjóður, sem er í rekstri Kviku banka, fjárfesti fyrir riflega 520 milljónir króna í Ísmar á síðasta ári, að því er fram kemur í nýlegum ársreikningi sjóðsins. Framtakssjóðurinn festi kaup á tæplega helmingshlut í félaginu.

Umrædd fjárfesting sjóðsins, sem Samkeppniseftirlitið samþykkti í mars í fyrra, var hans fyrsta frá því að hann var settur á stofn um mitt ár 2018. Seljandi var Sjávársýn, fjárfestingafélag Bjarna Armannssonar, forstjóra Iceland Seafood International, sem er áfram meirihlutaiegandi í félaginu.

» Áskriftarloforð fjárfesta í Freyju framtakssjóði, sem eru einkum lifeyrissjóðir og Kvika banki, nema samantlagt átta milljörðum króna.

Í ársreikningi Freyju er tekið fram að rekstur Ísmar, sem sérhæfir sig í ráðgjöf og sölu á tækjabúnaði til meðal annars hvers konar landmælinga, vélstýringa og lasertækni, hafi nokkurn veginn gengið samkvæmt áætlun það sem af er ári, þrátt fyrir heimsfaraldur kórónaveirunnar.

Framtakssjóðurinn keypti auk þess tæpan sextán prósent hlut í Arctic Adventures í janúar síðastliðnum en samkvæmt heimildum Markaðarins miðaðist kaupverð sjóðsins við að heildarvirði ferðabjónustufyrirtækisins væri samantlagt líðlega tíu milljarðar króna.

Félagið glímir sem kunnugt er við algert tekjuhrun í kjölfar kórónaveirunnar en í ársreikningi Freyju er tekið fram að mikil óvissa sé um hvert umfang neikvæðra áhrifa veirunnar verði á starfsemi félagsins.

Alls nema áskriftarloforð fjárfesta í sjóðnum, sem eru einkum lifeyrissjóðir og Kvika banki, átta milljörðum króna en þegar hafa verið innkölluð loforð upp á 2,7 milljarða króna. Freyja fjárfestir fyrst og fremst í óskráðum félögum. – kij

Rekstur netverslana sem ekki auglýsa mun lognast út af

Auglýsendur fóru í fimm vikna dvala í samkomubanninu. Sahara gekk nýverið í Samband íslenskra auglýsingastofa. Kári Þór Guðjónsson fjárfesti nýlega í auglýsingastofunni. Gæta verður hófs í sölu-mennsku á samfélagsmiðlum. Vinna í styttri herferðum til að viðskiptavinir geti brugðist betur við.

Rekstur fjölda netverslana sem komið hefur verið á fót að undanförunu mun valda vonbrigðum vegna þess að eigendur þeirra hafa ekki varið fé í markaðssetningu þeirra. Þetta segir Davíð Lúther Sigurðarson, framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Sahara.

„Margir brugðust við aðstæðum á markaði vegna kórónaveirunnar með því að opna netverslun. Sumir gerðu þau mistök að huga ekki að markaðssetningu netverslunarinnar. Á næstu átta til tólf mánuðum mun rekstur marga þeirra lognast út af, af þeim sökum.

Það er ekki nóg að opna netverslun heldur þarf að hlúa að henni með skipulögðu markaðsstarfi og huga að tengingum við Facebook, Google og fleira. Netverslunum sem sinna markaðsmálum af myndarskap mun vegna mun betur. Það getur kostað 400 þúsund krónur að hengja skilti á verslun við Laugaveg sem er vinsæl göngugata. Það skýtur því skökku við að gera lítið sem ekkert í þá veru fyrir netverslun,“ segir hann.

Sameinuðust fyrir fjórum árum Sahara, sem á rætur að rekja til ársins 2009, gekk í Samband íslenskra auglýsingastofa á dögunum. „Framleiðslufyrirtækið Silent og markaðsfyrirtækið Sahara sameinuðust fyrir fjórum árum. Fyrirtækin höfðu starfað náið saman og einbeittu sér að netmarkaðssetningu en í kjölfar sameiningarinnar hófum við að bjóða 360 gráðu þjónustu í markaðsmálum en með ríka áherslu á stafræna markaðssetningu.

Í kjölfarið fengum við mikið af minni og meðalstórum fyrirtækjum í viðskipti sem höfðu ekki haft ráð á að vera í viðskiptum hjá auglýsingastofu enda bjóðum við sanngarnt verð,“ segir Davíð Lúther.

Sigurður Svansson, sem stýrir stafrænum markaðsmálum Sahara, segir að það hafi sýnt sig að samspil allra miðla leiði til góðs árangurs. „Að því sögðu hafa herferðir okkar þar sem einblint er á stafræna miðla sýnt mikinn árangur,“ segir hann.

Velti nærri 500 milljónum

Að sögn Sigurðar velti Sahara tæplega 500 milljónum króna í fyrra og er með 26 starfsmenn. Sahara er í eigu fjögurra stjórnenda auglýsingastofunnar auk þess sem Kári Þór Guðjónsson fjárfestir gekk nýverið í hluthafahópinn. Hann hefur meðal annars átt í Skeljungu



Stjórnendur og eigendur auglýsingastofunnar Sahara sem velti nærri 500 milljónum í fyrra eru Sigurður Svansson, Davíð Lúther Sigurðarson, Hallur Jónasson og Arna Þorsteinsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Siðustu tvær vikur hefur verið mikið að gera og fyrirtæki eru að vakna til lífsins.

Davíð Lúther Sigurðarson

og Fjarðarlaxi.

Davíð Lúther segir að undanfarin ellefu ár hafi fyrirtækið ekki greitt hluthöfum arð heldur fjárfest í uppbyggingu fyrirtækisins; keypt tækjabúnað, bætt við starfsfólki og eflt starfsumhverfið. „Vinnustaðamenningin er til dæmis frábær.“

Sigurður segir að markaðssetning sé lifandi fag. „Það er ekki hægt að kveikja á markaðssetningu og sleppa svo höndunum af henni. Það er aldrei að vita hvernig keppinautar bregðast við, hvort það komi nýir keppinautar eða spretti fram nýjar leiðir til að ná til viðskiptavina.

„Þess vegna erum við ekki lengur að skipuleggja herferðir sem spanna hálf eða eitt ár. Við vinnum í stuttum herferðum sem eru keyrðar þrisvar eða fjórum sinnum yfir árið og þá hafa viðskiptavinir tók að bregðast við því sem er að

gerast í samfélaginu þess á milli. Kórónaveiran err dæmi um það hve hratt aðstæður geta breyst. Þá urðu fyrirtæki að stokka spilin og meta hvað höfðaði til neytenda við þær aðstæður, nú er að létta yfir þjóðinni og þá skapast annað tækifæri. Ef við hefðum framleitt efni út árið í einum rykk hefði það gleymst og ekki hentað nýjum veruleika,“ segir hann.

Davíð segir að samkomubannið sem komið var á vegna kórónaveirunnar hafi leitt til þess að viðskiptavinir hafi farið í fimm vikna pásu í markaðsstarfi. „Siðustu tvær vikur hefur verið mikið að gera og fyrirtæki eru að vakna til lífsins. Það er að koma fjöldi nýrra viðskiptavina sem hafa ekki verið framarlega í stafrænum markaðsmálum en áhrif kórónaveirunnar gerðu þeim ljóst að það gengi ekki lengur.“

Hann segir að myndbönd sem birtast á netinu séu þarfapungur í nútíma markaðsmálum. „Það er meðal annars vegna þess að hægt er að kafa ofan í gögnin og sjá hve lengi ólíkir markhópar horfa á myndbandið. Þá er hægt að taka ákvörðun um að verja markaðsfé í þann hóp sem er hrifnastur af vörnunni eða þjónustunni. Það væri til dæmis hægt að beina aug-

lýsingum að konum í Hafnarfirði á milli 25-35 ára sem hafa áhuga á hlaupum þegar hlaupaskór eru boðnir til sölu.“

Gæti hófs í sölu-mennsku

Sigurður segir að gæta verði hófs í sölu-mennsku á samfélagsmiðlum enda sé fólk oft þar ansi persónulegt. „Fólk vill ekki dvelja lengi á samfélagsmiðlum ef það er öllum stundum verið að selja því eitthvað. Þess vegna er mikilvægt fyrir fyrirtæki að bjóða þar upp á efni sem vekur áhuga.“

Blása til ráðstefnu

Sahara hefur náð samningi um að halda alþjóðlega ráðstefnu um samfélagsmiðla sem ber nafnið Social Media Week. Davíð segir að hún fari líka fram í New York, Los Angeles, London og Kaupmannahöfn.

„Við gengum í gegnum strangt umsóknarferli og eigandi ráðstefnunnar komst að þeirri niðurstöðu að við værum frábær samstarfsaðili hér á landi. Við höfum alla tíð viljað fræða markaðinn og höfum gert það með skrifum á blogg og fyrirlestrum. Við ætluðum að halda fyrstu ráðstefnunna í nóvember en vegna kórónaveirunnar höfum við frestað því um ár.“ helgivifill@frettabladid.is

Tryggja stjórnendur gegn málsóknum

Nærri 300 kínverskum fyrirtækjum hefur verið refsað fyrir brot á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Kínversk fyrirtæki bregðast við auknu eftirliti eftirlitsaðila með því að tryggja stjórnendur. Tryggingarnar gagnast lítið þegar brotin eru gerð vísitandi.

Kínversk fyrirtæki hafa í miklum flýti tryggt stjórnendur sína fyrir mögulegum málsóknum í kjölfar þess að blásið var til sóknar gegn ólögmætum viðskiptaháttum. Metfjöldi kínverskra fyrirtækja sem skráð eru í kauphöll hafa sagt að þau muni kaupa tryggingar á árinu handa stjórnendum og stjórnarmönnum, ef það komi til þess að þeir sæti málsóknum af hálfu hluthafa eða viðskiptavina. Eftirlitsaðilar í Kína, sem er annað stærsta hagkerfi í heimi, hafa sett aukinn slagkraft í vinnu sína og refsað næstum 300 fyrirtækjum sem skráð eru á hlutabréfamarkað, á fyrstu fjórum mánuðum ársins, fyrir brot á borð við bókhaldssvik og innherjaviðskipti, segir í frétt Financial Times. Stjórnarhættir kínverskra fyrirtækja hafa verið í kastljósinu á undanförunum vikum eftir að í ljós kom að kaffihúsakeðjan Luckin Coffee falsaði tekjur sínar stórkostlega. Fyrirtækið er skráð í kauphöll í New York og átti að verða hið kínverska Starbucks. Verðbréfalögum var breytt í mars á þá vegu að kínversk fyrirtæki urðu að upplýsa fjárfesta með betri hætti og var fjárfestum gert auðveldara um vik að hefja málsóknir gegn stjórnendum þeirra. Opinber gögn leiða í ljós að



Svik stjórnenda Luckin Coffee hafa dregið kastljósið að stjórnarháttum kínverskra fyrirtækja. MYND/AFP

72 fyrirtæki skráð í Shanghai og Shenzhen hafa í hyggju að kaupa tryggingar fyrir stjórnarmenn og stjórnendur. Í fyrra keyptu 29 fyrirtæki slíkar tryggingar. Nýju lögin gera það að verkum að kínversk fyrirtæki þurfa að greiða mun hærri sektir fyrir að blekkja

fjárfesta, til dæmis í tengslum við hlutafjárútbod. Lögin gera einnig hluthöfum kleift að standa saman að málsóknum gegn skráðum fyrirtækjum. „Stjórnendur okkar standa frammi fyrir mun meiri áhættu eftir að nýju verðbréfalögin tóku gildi,“

segir stjórnandi hjá fyrirtæki sem keypti stjórnendatryggingu. Tryggingafélög hafa notið góðs af þessu. Fyrirspurnir um stjórnendatryggingar hafa aukist um 50 prósent hjá einu þeirra. „Það er aukin eftirspurn eftir því að stýra áhættu,“ segir fyrrnefndur stjórnandi.

» Opinber gögn leiða í ljós að 72 fyrirtæki skráð í Shanghai og Shenzhen hafa í hyggju að kaupa tryggingar fyrir stjórnarmenn og stjórnendur. Í fyrra keyptu 29 fyrirtæki slíkar tryggingar.

Aðrir spyrja hvort fyrirtækin hafi keypt tryggingu til þess eins að halda áfram að leggja stund á ólöglegt athæfi. Meira en helmingur fyrirtækjanna sem keyptu nýjar stjórnendatryggingar höfðu verið sektuð eða gagnrýnd opinberlega af eftirlitsaðilum á undanförunum tólf mánuðum. Vefverslunin Global Top E-Commerce keypti slíkar tryggingar í apríl eftir að hafa verið sökuð um innherjaviðskipti og að ýkja hagnað fyrirtækisins. „Við viljum vernda stjórnendur okkar,“ segir stjórnandi hjá fyrirtækinu. Tryggingafélög benda á að ekki sé hægt að tryggja sig fyrir málsóknum ef brotin eru gerð vísitandi. Stjórnendatryggingar muni því ekki koma að neinu gagni ef stjórnendur verða uppvísir að því að hafa af ásettu ráðið stýrt fyrirtækjunum með svikum og prettum. helgivifill@frettabladid.is

VIÐ VINNUM
FYRIR ÞIG.

Traust | Þekking | Árangur

MAGNA
L Ö G M E N N

LOGMENN@MAGNA.IS | 571 5400 | MAGNA.IS



Segir já við öllum tillögum að útivist

Svipmynd

Kristín Helga Magnúsdóttir

Nám:

- M.Sc. í iðnaðarverkfræði frá Columbia University í New York.
- B.Sc. í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands.

Störf:

Forstöðumaður vöru- og verk-efnastýringar hjá Creditinfo Lánstrausti. Var áður vöru- og verk-efnastjóri hjá Creditinfo Láns- trausti og hjá Creditinfo Group.

Fjölskylduhagir:

Í sambúð með Birni Harðarsyni verkfræðingi.

Kristín Helga Magnúsdóttir, forstöðumaður vöru- og verk-efnastýringar Creditinfo, hefur búið víða um heim á undanförnum árum. Hún bjó á Indlandi, í Brasilíu, Bandaríkjunum, Tékklandi og Svíþjóð. En nýverið festi hún ásamt manni sínum kaup á íbúð í 100 ára gömlu húsi í miðborginni og vinnur hörðum höndum að því að gera hana upp.

Útivist skipar stóran sess í lífi hennar. Ef hún myndi ekki starfa í tæknigeiranum og yrði þess í stað að velja allt annan starfsframa yrði leiðsögukona í náttúruskoðunarferðum fyrir valinu.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ferðalög eru líklega í efsta sæti, og þá ferðalög þar sem ég kynnist sem ólíkastrí menningu frá því sem ég er vön. Það hjálpar manni að horfa gagnrýnum augum á okkar menningu og breyta sýninni á lífið, en auðvitað líka að verða þakklátari fyrir hvað við höfum. Síðasta ferðalag var mánaðarlöng Afrikureisa hjá okkur Birni í desember þar sem við ferðuðumst um Rúanda, Kongó og Tansaníu – lönd sem bjóða upp á stórkostlegar upplifanir. Annars hef ég á síðastliðnum árum búið á Indlandi, í Brasilíu, Bandaríkjunum, Tékklandi og Svíþjóð.

Útivist er líka stór partur af mínu lífi og ég segi alltaf já við öllum hugmyndum um útivist, hvort sem það er skiðaganga, cyclothon, Spartan-hlaup eða annað (með mismikilli eftirsjá). Mér finnst best að hafa eitthvert markmið til að stefna að og halda sér í formi, Laugavegs-hlaupið er líklega næsta markmið.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Ég las nýlega bækurnar hans



Kristín Helga segist ekki getað beðið eftir sumrinu með útilegum, útivist og samveru með fjölskyldunni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Síðasta ferðalag var mánaðarlöng Afrikureisa hjá okkur Birni í desember þar sem við ferðuðumst um Rúanda, Kongó og Tansaníu – lönd sem bjóða upp á stórkostlegar upplifanir.

Yuval Noah Harari: Sapiens, Homo Deus og 21 Lessons for the 21st Century, og eru þær í miklu upphaldi. Þær fá lesandann til að hugsa um hvernig samfélag við viljum móta til framtíðar – mæli hiklaust með þeim.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss- erum?

Meistaranaðið í Bandaríkjunum kemur fyrst upp í hugann. Þar var mikið vinnuálag og menningin er ólík þar sem samkeppni trompar samvinnu og auðmýkt er einhvern veginn ekki enn þá komin í tisku – þrátt fyrir Trump. Á sama tíma var ólýsanlega gaman að vera í samfélagi þar sem það er svona rosaleg orka og hraði.

Helstu verkefni fram undan?

Ætli stærsta verkefnið sé ekki almennt að leggja mitt af mörkum til að vöruþróun Creditinfo gangi

sem best og við gefum sífellt út virðisaukandi útgáfur af vörunum okkar. Covid hefur auðvitað sett strik í reikninginn og mörg ný verk-efni hafa komið inn á teikniborðið með það að markmiði að styðja lán-veitendur, fyrirtæki, einstaklinga og ríkið með sjálfsafgreiðslulausnum og sjálfvirkri ákvarðanatöku.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár?

Vonandi verð ég enn þá að vinna í spennandi og krefjandi verk-efnum, með jafn metnaðarfullu og skemmtilegu fólki og hjá Creditinfo. Ég teiknaði reyndar upp fimm ólík lífsplön um daginn með bóka-klúbbum mínum sem las saman bókina Designing Your Life. Ég mæli með bókinni. Þar eru plönin allt frá því að vera í fjarvinnu á flakki um heiminn (e. digital nomad) yfir í að stýra eigin fyrirtæki.

Hvers hlakkarðu mest til þessa dagana?

Við Björn keyptum nánast fók- helda íbúð í 100 ára gömlu húsi í Þingholtunum sem við erum búin að vera að gera upp undanfarnar vikur. Við flytjum inn um næstu mánaðamót og ég hlakka mikið til að vinna veðmálið við vinnufélagana sem hlógu þegar við sögð- umst ætla að ná þessu á tveimur mánuðum. Annars get ég líka ekki beðið eftir íslensku sumri með til- heyrandi útilegum, útivist og fjöl- skyldusamverustundum.

Effþú þyrftir að velja annan starfs- frama, hvað yrði fyrir valinu?

Mér finnst flest störf í tæknigeir- anum áhugaverð, en ef ég væri að velja eitthvað allt annað, þá held ég að mér fyndist alveg frábært að vera leiðsögukona í náttúruskoð- unarferðum. Bæði fengi ég að vera á hreyfingu, sjá fallega staði og kynn- ast alls konar fólki.

VIÐ ERUM MEÐ LAUSNINA

fyrir vinnurýmið

Opin vinnurými eru hugsuð til að fólk vinni vel saman og eigi auðvelt með að deila frjóum hugmyndum með samstarfsfólki þegar þær kvikna. Sum verkefni krefjast næðis og þá er nauðsynlegt að bjóða upp á hvort tveggja. Verkefnamiðuð vinnuaðstaða er lausnin.

Fáðu ráðgjöf hjá starfsfólki húsgagnadeildar A4 til að finna bestu mögulegu lausnina á þínum vinnustað, hafðu samband í síma 580 0000 eða á husgogn@a4.is.




Verið velkomin
í sýningarsal
húsgagna
Skeifunni 17

**LG****Business
Solutions**


Slepptu ímyndunaraflinu lausu með hágæða LG OLED upplýsingaskjám

LG býður upp á upplýsingaskjá í hæsta gæðaflokki sem koma fyrirtækinu þínu á næsta stig.

Djúpur svartur og fullkomnir litir, skýr mynd frá öllum sjónarhornum, örpunnur og rammalaus skjár sem má raða, beygja og stilla upp á ótal vegu. LG OLED upplýsingaskjáir eru tilvaldir til að fanga athygli og vekja aðdáun viðskiptavina. Framtíðin í upplýsingaskjám er komin. Hafðu samband og kynntu þér málið.



Concave



Convex



Wave



Circular



Tunnel

LG OLED**TÖLVU
LISTINN**

NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ SÖLUFULLTRÚUM FYRIRTÆKJASVIÐS
SÍMI 414 1710 OG Á NETFANGIÐ SALA@TL.IS

FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA

Þegar banksterar komu til bjargar

Bók Sigurðar Más Jónsson um afnám haftanna er þarft verk um stórmerkilega sögu. Hún sýnir glögg að það var aldrei formsatiði að fá kröfuhafa gömlu bankanna til að gefa eftir eignir sínar við losun hafta. Niðurstaðan hefði hæglega geta orðið mun lakari.

Hörður
Ægisson
hordur@frettabladid.is



Við erum minnt á það þessa dagana hvað þjóðarþúið stendur sterkt, bæði ríkissjóður og fyrirtæki og heimili, nú þegar við tökumst á við óþekktar efnahagslegar hamfarir. Íslenska ríkið er skuldlítið – fá vestræn ríki standa þar betur að vígi – og getur því tekið á sig gríðarlegan kostnað til að fást við afleiðingar kórónaveirufaraldursins. Þær eignir sem erlendir kröfuhafar gömlu bankanna samþykktu að framselja endurgjaldslaust til ríkisins fyrir hartnær fimm árum, sem reyndust að lokum vera meira en 500 milljarða króna virði, skipta þar ekki hvað síst máli. Ólíkt því sem haldið var fram þegar áralöngum átökum við kröfuhafana lauk með vel heppnari áætlun um afnám fjármagnshafna, meðal annars af ýmsum fjölmiðlamönnum og stjórnmálamönnum, var niðurstaðan sem þar leit dagsins ljós alls ekki sjálfgefin – og oft munaði litlu að hún hefði orðið önnur og mun verri.

Í nýútkominni bók, *Afnám haftanna – Samningar aldarinnar?*, eftir Sigurði Má Jónsson, fyrrverandi ritstjóra Viðskiptablaðsins og blaðamann til margra ára, gefinni út af Almenna bókafélaginu, er varpað ljósi á þessa stórmerkilegu sögu. Sagt er frá atburðarásinni á bak við tjöldin, greint frá helstu leikendum og fjallað um „átök innan stjórnsýslunnar um hvernig bæri að semja við kröfuhafa,“ eins og það er orðað í inngangi, „og togstreitu embættismanna og utanaðkomandi ráðgjafa stjórnvalda.“ Yfirleitt tekst vel til og lesandinn fær greinargöða lýsingu – bókina er læsileg þótt umfjöllunarefnið sé oft ekki auðskilið – á þeirri viðamiklu vinnu sem átti sér stað í aðdraganda þess að heildstæð áætlun um afnám hafta var kynnt landsmönnum í júní 2015.

Það var mikið undir að vel tækist til. Stjórnvöld fengu þar aðeins eitt skot og það þurfti að heppnast, eins og Már Guðmundsson, þáverandi seðlabankastjóri, orðaði það eftirminnilega. Stærsti einstaki vandinn laut að slitabúum gömlu bankanna sem áttu eignir sem námu meira en landsframleiðslu Íslands, bæði í erlendri mynt og íslenskum krónum, en á sama tíma voru nærri 95 prósent allra kröfuhafa erlendir aðilar. Ef innlendar eignir slitabúanna, sem voru um þriðjungur heildareigna þeirra, myndu fara í hendur kröfuhafa og leita úr landi við skuldaskil bankanna var raunveruleg hætt á annarri efnahagslegri kollsteypu samhliða gengishruni krónunnar og lausafjárræppu í fjármálakerfinu.

Ekki forgangsmál

Í valdatíð vinstri stjórnarinnar á árunum 2009 til 2013 var afnám hafta ekki ofarlega á forgangslistanum. Verkefnið var alfarið í höndum Seðlabankans, eins og lýst er ágætlega í bókinni, en á sama tíma skorti á pólitískan vilja og sýn meðal forystu ríkisstjórnarinnar á hvaða leiðir ætti að fara. Þess í stað virtist eina leið sumra ráðherra – að minnsta kosti framan af – einskorðast við það eitt að fara bönleiðina til Evrópska seðlabankans og slá þar risalán í evrum til að hleypa krónueignum erlendra kröfuhafa úr landi. Þetta fyrirkomulag, þar sem ríkisstjórnin ætlaði að skila auðu í einu stærsta hagsmunamáli þjóðarinnar, var ekki líklegt til árangurs og þá hjálpaði ekki til að ekki var



Sigurður Hannesson og Benedikt Gíslason, varaformenn framkvæmdahóps stjórnvalda um losun hafta, kynntu aðgerðaáætlunina á blaðamannafundi sem var haldinn í Hörpu 8. júní árið 2015. FRÉTTABLAÐID/GVA



vitað hvaða áhrif uppgjör gömlu bankanna myndi að óbreyttu hafa á greiðsluöfndu Íslands. Það átti hins vegar eftir að breytast.

Á grundvelli greiningarvinnu sem hafði verið unnin í Seðlabankanum veturinn 2011 til 2012 voru almennar undanþágur slitabúanna afnumdar og þau færð undir höft með lagasetningu 12. mars 2012. Óhætt er að segja að sú aðgerð hafi skipt sköpum – enda þótt löggjafinn hafi ekki gengið eins langt og Seðlabankinn hefði viljað – fyrir framhaldið. Nú var útilokað að hægt yrði að gera upp búin án aðkomu stjórnvalda á grundvelli sérstakrar undanþágu frá höftunum.

Atburðarásinni í þinginu þennan örlagaríka dag eru gerð góð skil í bókinni, en að sama skapi hefði mátt upplýsa meira um þátt Seðlabankans, sem hafði einn frumkvæði að lagasetningunni, og þá einkum tiltekinna stjórnenda hans,

meðal annars Sturlu Pálssonar og Ingibjargar Guðbjartsdóttur, en ekki hafði verið einhugur innan bankans um nauðsyn þess að láta sverfa með þessum hætti til stáls við kröfuhafa slitabúanna. Kröfuhafar beittu sér mjög gegn frumvarpinu þegar það var til meðferðar í þingsölum Alþingis, en í bókinni upplýst um að einn ráðgjafi þeirra, Guðrún Johnsen, sem þá starfaði fyrir kröfuhafa Kaupþings sem „háður“ stjórnarmaður í Arion banka, hafi haft samband við „ýmsa í stjórnkerfinu og kvartað mjög undan lagasetningunni fyrir hönd umbjóðenda sinna“. Guðrún er í dag stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

Með tímanum náðist þverpólitísk sátt um að höftin yrðu aldrei losuð nema með heildstæðum hætti, þar sem ekki aðeins yrði horft til slitabúanna, eða aflandskrónueignenda, heldur einnig Íslendinga – fyrirtækja, heimila og lífeyrissjóða – sem sátu einnig fastir á bak við höftin. Þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks tók við völdum vorið 2013, var raunveruleg vinna að áætlun um afnám hafta ekki hafin. Þrátt fyrir skýra pólitíska sýn – nýta ætti fullveldisréttinn til að leysa þann fordæmalaus greiðslufafnaðarvanda sem þjóðarþúið stóð frammi fyrir, samt innan ramma alþjóðlegra skuldbindinga – þá þokaðist verkefnið hægt áfram til að byrja með.

Margt kom þar til. Bæði reyndist vandinn umfangsmeiri en áður var talið, sem tók tíma að kortleggja og greina, og eins var það ekki fyrr en með nýjum framkvæmdahópi stjórnvalda í ársbyrjun 2015, sem var skipaður að meirihluta til sérfræðingum úr fjármálakerfinu, að traust skapaðist milli þeirra sem unnu að verkefninu og höfðu að

sama skapi fullt umboð leiðtoga ríkisstjórnarinnar. Svo var ekki áður.

Átökin við kerfið

Ljóst var frá upphafi að verkefnið var ekki leysanlegt nema með aðkomu utanaðkomandi ráðgjafa en það þurfti líka, og það framkallaði oft átök eins og rakið er í bókinni, að fá stjórnkerfið til að vinna með framkvæmdahópnum en tortryggni gætti oft þaðan í garð hópsins. Það gekk ekki þrautalaust fyrir sig og er meðal annars greint frá því þegar Már lagði á það ofuráherslu, í aðdraganda fyrstu viðræðna við kröfuhafa, að stöðugleikaskatturinn, sem til stóð að kynna þeim, yrði ekki hærri en þrjátíu prósent. Fundi hópsins og Seðlabankans örfáum dögum fyrir viðræðurnar lauk með þrátefli – en að lokum varð Már undir. Slík átök einkenndu oft samskipti framkvæmdahópsins við fjármálaráðuneytið og Seðlabankann, sem kunnu því illa að málið væri ekki á þeirra forræði.

Lilja Alfreðsdóttir, sem þá starfaði sem ráðgjafi Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar í forsætisráðuneytinu, og Jón Þ. Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri á skrifstofu seðlabankastjóra, sem einnig sat í framkvæmdahópnum, gegndu lykilhlutverki þegar hugmyndir ahópsins mættu mótstöðu innan stjórnkerfisins. Þau höfðu það umfram bankamennina – Benedikt Gíslason, Sigurður Hannesson og Ásgeir Reykþjörð Gylfason – að þau kunnu á „kerfið“ og hvaða leiðir þyrfti að fara til að fá það til að vinna með sér. Það skipti máli ef árangur ætti að nást.

Þegar komið var fram á árið 2015 var ljóst að tíminn vann ekki lengur með stjórnvöldum. Gríðarlegt innflæði gjaldeyris árin á undan, vegna

» Ljóst var frá upphafi að verkefnið var ekki leysanlegt nema með aðkomu utanaðkomandi ráðgjafa en það þurfti líka, og það framkallaði oft mikil átök, að fá stjórnkerfið til að vinna með framkvæmdahópnum.

uppgangs í ferðaþjónustu, hafði gert Seðlabankanum kleift að byggja upp myndarlegan gjaldeyrisforða. Sú þróun hafði ekki farið fram hjá erlendum kröfuhöfum. Þeir töldu vandann sem stafaði af slitabúunum vera smám saman að hverfa og að fátt réttlætti því lengur að þeir þyrftu að gefa eftir nánast allar krónueignir sínar. Sökum bættrar stöðu þjóðarbúsins væri hægt að losa þær að stórum hluta í gegnum forða bankans og mikinn viðskiptaafgang Íslands. Tilboð kröfuhafa og ráðgjafa þeirra á þeim tíma, sem komið var áleiðis til stjórnvalda, endurspegluðu þá afstöðu.

Þessi þróun átti eftir að valda ágreiningi milli framkvæmdahópsins og Seðlabankans. Frá því er þannig greint í bókinni að Már hafi lagt það til á fundi stýrinesndar um losun fjármagnshafna seint í maí 2015, fáeinum dögum áður en til stóð að kynna opinberlega afnámsáætlunina, að skoðað yrði vandlega tilboð sem kröfuhafar slitabús Glitnis höfðu sent honum og fjármála- og efnahagsráðherra í tölvupósti. Umrætt tilboð var á sömu nótum og framkvæmdahópurinn hafði hafnað skömmu áður enda uppfyllti það ekki stöðugleikaskilyrðin sem hópurinn hafði sett kröfuhöfunum. Framkvæmdahópurinn taldi „galið“ að íhuga að fallast á tilboð Glitnis á þessari stundu og að lokum hjó fjármálaráðherrann, Bjarni Benediktsson, á hnútin og sagði að hvergi yrði vikið frá áætluninni.

Var aldrei formsatriði

Haftaáætlun stjórnvalda og sú niðurstaða sem náðist varðandi uppgjör gömlu bankanna hefur lögmáðurinn Lee Buchheit sagt „fordæmalaus í alþjóðlegri fjármála sögu“. Ávinningurinn fólst ekki aðeins í þeim hundraða milljarða eignum sem kröfuhafar afhentu ríkinu, heldur ekki síður í þeirri staðreynd að engin lagaleg eftirmál urðu af aðgerðum stjórnvalda. Ómögulegt er að setja verðmiða á þann kostnað – beinan og óbeinan – sem slík langvarandi eftirmál fyrir dómstólum hefðu haft fyrir íslenskt efnahagslíf. Íslendingar hafa á undanförnum árum notið þess ávinnings sem hefur birst okkur í hækkun á lánsþéttmáti ríkissjóðs, hratt lækkanði skuldum ríkisins og stórbættri erlendri stöðu þjóðarbúsins.

Þetta hefði ekki tekist nema til hefði komið pólitísk forysta, sem hafði sannfæringu fyrir því að þær aðgerðir sem grípa þyrfti til væru í lögmætar og nauðsynlegar, og að fengnir voru að verkefninu færir sérfræðingar á íslenskum fjármálamarkaði sem nutu traust og trúnaðar leiðtoga ríkisstjórnarinnar. Skrásetning á þessari merku sögu er því afar mikilvægt verk. Og hún sýnir glögg þeir sem enn halda því fram að það hafi verið formsatriði að fá kröfuhafa til að fallast á stöðugleikaskilyrði stjórnvalda, byggt á þeirri barnslegu trú um að þeir hafi í ávallt verið reiðubúin að gefa eftir krónueignir sínar, vita ósköp lítið hvað þeir eru að tala um – rétt eins og ávallt þegar kom að þessu stóra hagsmunamáli Íslands.

BRÁÐUM KEMUR BETRI TÍÐ

**SJÁUM UM VIÐHALD FASTEIGNA
FYRIR HÚSFÉLÖG, EINSTAKLINGA
OG STOFNANIR**

HÁPRÝSTIPVOTTUR

MÚRVIÐGERÐIR

FLÍSALÖGN

MÁLUN

HELLULAGNIR



HJÓL
ATVINNULÍFSINS

Hjól atvinnulífsins ehf. – Alhliða verktaka
Borgartúni 3
105 Reykjavík
Símar: 8446829 / 6624514
Netfang: hjolatvinnulifsins@gmail.com

kjörvari **STEINVARI**

Skotsilfur



Hákarli ekki breytt í túnfisk

Í nýrri bók Sigurðar Más Jónssonar um afnám haftanna er sagt frá fundi Íslendinga með Argentínumönnum innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þar á meðal **Sergio Chodos**, sem er í bókinni kallaður hinn argentínski Sigurjón Þ. Árnason. Chodos lýsir þar eðli hrægammasjóða og segir að hákarli verði ekki breytt í túnfisk. Hann er sagður himinlifandi með þessa setningu í bókinni og hyggst í framhaldinu láta prenta bókina í Argentínu með áletruninni „You can't turn a shark into a tuna“. Hann er í miðju ati þessa dagana enda er niunda greiðslufall Argentínu í sjónmáli.



Störukeppni

Flugfreyjur kunna að glíma við sveitta flugdólgja og hvíka því hvergi í baráttu við skrifstofufólk um bætt kjör. Flugfreyjufélag Íslands, sem **Guðlaug Líney Jóhannsdóttir** fer fyrir, segir að tilboð Ícelandair sé á þá lund að kjör þeirra færist nær því sem þekkist í vestrænum heimi. Flugfreyjurnar stappa engu að síður niður fæti og krefjast álags á launin því hér sé dýrt að búa. Vandinn er að flugfélög eiga í alþjóðlegri samkeppni. Flugfélag sem greiðir mun hærri laun eða býður fleiri frídaga en keppinautar, mun fljótlega hætta starfsemi.



Ási Reykás

Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðherra ölst upp við Spaugstofuna og lærdi ýmislegt af Ragnari Reykás – sem hann hefði betur sleppt. Þegar hlutastarfaleiðin var kynnt hvatti hann fyrirtæki til að nýta úrræðið í stað uppsagna. Síðar umturnaðist hann í anda atriðis með Ragnari í Spaugstofunni og lýsti yfir vonbrigðum með að stöndug fyrirtæki hefðu nýtt sér leiðina. Hugmyndin að baki úrræðinu er að vernda störf. Hinn valkosturinn þegar tekjur dragast saman er að segja upp starfsfólki. Félagsmálaráðherra ætti að miða við að vera sömu skoðunar út eitt kjörtímabil.



Víða slakað á takmörkunum



Öryggisvörður sést mæla líkamshita viðskiptavinar verslunar Apple í Berlin, höfuðborg Þýskalands, á mánudag, fyrsta opnunardag verslunarinnar frá því að henni var lokað vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar í mars. Atvinnustarfsemi víða um heim færist nú í eðlilegra horf eftir því sem stjórnvöld hafa slakað á samgöngutakmörkunum og öðrum sóttvarnaaðgerðum. MYND/AFP

Við erum öll í sama liði



Jóhannes Þór Skúlason framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

Ferðaþjónusta á Íslandi hefur verið að glíma við gríðarlega erfiðleika á undanförunum misserum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Á nokkrum dögum varð algert hrun í ferðaþjónustu hér á landi og fyrirtæki í greininni horfa fram á gríðarlegan samdrátt og mörg hver algert tekjufall. Eitt stærsta og mikilvægasta fyrirtæki á Íslandi, hvort sem horft er til ferðaþjónustu eða atvinnulífsins almennt, Ícelandair, hefur ekki farið varhluta af því. Stjórnendur fyrirtækisins vinna nú myrkranna á milli til þess að tryggja rekstur félagsins til framtíðar. Sömu sögu er að segja um stjórnendur flestra ef ekki allra annarra ferðaþjónustufyrirtækja í landinu. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum þá á Ícelandair nú í viðræðum við fjölmarga aðila um framtíð fyrirtækisins - við lánardrottna,

hluthafa, flugvélaeigisala, ríkið og starfsmenn sína. Stjórnendur Ícelandair eru á sama báti og aðrir stjórnendur fyrirtækja í ferðaþjónustu – þeir þurfa að leita allra leiða til að komast hjá því að fyrirtækið fari í þrot. Gjaldþrot Ícelandair yrði risastórt áfall fyrir íslenska ferðaþjónustu og þar með íslenskt efnahagslíf, sem yrði í kjölfarið mun lengur að ná sér upp úr lægðinni og þar með yrði mun erfiðara að verja þau lífskjör sem við höfum byggt upp og viljum búa við. Því myndi óhjákvæmilega fylgja meira atvinnuleysi um lengri tíma og annar samfélagslegur kostnaður sem bráðnaðsýnlegt er að vinna gegn með öllum ráðum. Ferðaþjónusta á Íslandi yrði mörg ár að ná sér á strik á nýjan leik, enda hefur flugfélagið gegnt lykilhlutverki í að byggja upp ferðaþjónustu á Íslandi sem burðararvinnugrein. Markaðshlutdeild Ícelandair í flutningi á erlendum ferðamönnum til landsins á síðustu 5 árum hefur verið í kringum 35-45%, árið 2019 var hlutfallið um 67%. Þessu til viðbótar hefur félagið verið umsvifamikilið í farþegaflutningum á milli Ameríku og Evrópu með viðkomu á Íslandi um langt árabíl ásamt því að Íslendingar hafa farið í hundruð



Gjaldþrot Ícelandair yrði risastórt áfall fyrir íslenska ferðaþjónustu og þar með íslenskt efnahagslíf, sem yrði í kjölfarið mun lengur að ná sér upp úr lægðinni.

þúsunda flugferða með félaginu árlega undanfarin ár. Þá er ótalinn útflutningur sjávarafurða sem flugvélar Ícelandair hafa gert mögulegt að koma hratt á verðmæta markaði. Mikilvægi flugfélagsins fyrir efnahagslíf og alla ferðaþjónustu á Íslandi er því algert. Ícelandair er flaggskip íslenskrar ferðaþjónustu. Eitt af mikilvægustu skrefum í endurreisn ferðaþjónustunnar hér á landi hlýtur að vera að tryggja og endurskipuleggja starfsemi félagsins þannig að það sé samkeppnishæft til lengri tíma í gríðarlegri samkeppnisbaráttu flugfélaga á alþjóðamarkaði. Stjórnendur Ícelandair hafa sýnt mikla djörfung að undanförunu og keppa nú að því dag sem nótt að bjarga félaginu. Einn mikilvægasti þátturinn í því er að ná langtímasamningum við flugstéttir. Það er alveg ljóst að fjárfestar gera kröfu um lægri einingakostnað og vissu-

lega vill engin starfsstétt gefa eftir kjör sín í venjulegu árferði. Tillögur Ícelandair að breyttum kjarasamningum virðast hins vegar brúa bil beggja, sem er nokkuð afrek. Um leið er félagið að sýna samfélagslega ábyrgð og er að framfylgja því sem stjórnvöld hafa óskað eftir, að reyna að vernda störfin eins og hægt er. Sömu sögu er að segja um fjölmörg önnur ferðaþjónustufyrirtæki á Íslandi – stjórnendur og starfsmenn þeirra hafa tekið höndum saman um að tryggja sem best að fyrirtækin verði í tilbúin í slaginn þegar tækifærin gefast á ný. Framtíð ferðaþjónustunnar er björt og við höfum alla burði til að verða eftirsóttur áfangastaður þegar fram í sækir. En Ísland á auðvitað í samkeppni við aðra eftirsóttu áfangastaði um heim allan og við þurfum að fara í stóratök til að koma Íslandi aftur á kortið. Í gær tilkynntu stjórnvöld um tilslakanir varðandi komur erlendra ferðamanna til landsins og er það jákvætt skref sem við þurfum að nýta vel. Þegar ferðamenn fara að fljúga um heiminn á nýjan leik skiptir öllu máli fyrir ferðaþjónustu á Íslandi að hafa hér burðugt og samkeppnishæft flugfélag. Það mun skipta höfuðmáli fyrir okkur öll, enda erum við öll í sama liði.

Viltu ekki bara borga seinna?



Björn Berg Gunnarsson deildarstjóri greiningar og fræðslu hjá Íslandsbanka

Við stefnum hraðbyri að reiðu-fjárlausu samfélagi. Ef frá eru taldir þeir sem vilja helst ekki greiða skatta eru tæpast margir eftir sem taka ekki við rafrænum greiðslum fyrir vöru og þjónustu. Skiptar skoðanir eru um ágæti þess

að reiðufé leiki sífellt minna hlutverk í daglegum viðskiptum okkar en skriðþungi þessarar þróunar er nokkuð ljós. Stafræn viðskipti eru mikil framför og gera okkur kleift að greiða og taka við greiðslum með þægilegri, aðgengilegri og fjölbreyttari hætti en áður. En slíkum þægindum fylgir þó ákveðin áhætta sem vert er að gefa gaum. Reglur um greiðslumat vegna stærri lána fá okkur til að staldra við og meta getu okkar til að endurgreiða lánsupphæðina og kostnaðinn sem henni fylgir. En aukið aðgengi neyslufjármögnunar og oft framsetning hennar krefst



Þegar ég kaupi mér raftæki er því sem næst gengið út frá því að ég vilji dreifa greiðslunni og borga 20-30% meira fyrir vöruna en verðmiðinn segir til um.

Þess að við förum varlega í okkar daglegu innkaupum. Við kassann í matvöruversluninni er mér boðið að taka lán fyrir langlokunni með því að þrýsta á einn takka. Þegar ég kaupi mér raf-

tæki er því sem næst gengið út frá því að ég vilji dreifa greiðslunni og borga 20-30% meira fyrir vöruna en verðmiðinn segir til um. Heimildin á debetreikningnum er ekki eign okkar og greiðsludreifing er ekki ókeypis. En þegar við finnum ekki fyrir því að seðlunum í veskinu okkar fækki og aðgengið að lánsfé er orðið þetta gott reynir hreinlega heilmikið á sjálfsagann. Mér er minnisstætt þegar einn af reyndari bakvörðum Vesturbæjarins spurði á miðri síðdegisæfingu hvort einhver bankaútibú væru opin, hann væri nefnilega að fara í skemmtiferð til útlanda um morg-

uninn og væri ekki búinn að redda sér yfirdrætti. Í dag hefði hann getað reddað sér í hveli í símanum og varla misst minútu úr æfingunni. Það hefði auðvitað verið þægilegra fyrir hann við þessar aðstæður en aðalatriðið er að hann hefði ekki átt að bóka sér utanlandsferð ef hann átti ekki fyrir henni. Þetta aukna aðgengi gerir þann þankagang enn hættulegri að það sé sjálfsagt mál að fjármagna neyslu og skemmtanir með lánun. Lögmálin um gildi sparnaðar og fyrirhyggju eru ekki ný en mögulega mikilvægari nú en nokkru sinni fyrr.

..... **AFMÆLISTILBOÐ**

27-60%



31%

WAGNER ERGOMEDIC 100-3
LISTAVERÐ 189.900 KR.
NÚ **129.900 KR.**



31%

HEADPOINT
LISTAVERÐ 79.900 KR.
NÚ **54.900 KR.**



50%

NAVIGO
LISTAVERÐ 89.900 KR.
NÚ **44.950 KR.**



35%

RAFMAGNSBORD
AFMÆLISTILBOÐ
FRÁ **58.175 KR.**



40%

SITNESS 5
LISTAVERÐ 52.900 KR.
NÚ **31.740 KR.**

35%



50%

W3
LISTAVERÐ 84.900 KR.
NÚ **42.450 KR.**

Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37
Sími: 564-5040

www.hirzlan.is


RAMMASAMNINGUR VÍÐ
RÍKISKAUP

SKOÐUN



Þorsteinn Friðrik Halldórsson

Óskýrar leikreglur

Nýting skráðra fyrirtækja á hlutabótaleið ríkisstjórnarinnar komst í hámail í síðustu viku. Á meðal þeirra voru Skeljungur og Hagar sem höfðu varið töluverðum fjárhæðum í arð eða kaup á eigin bréfum á síðustu vikum. Umfjöllun fjölmiðla um þetta mál átti brýnt erindi við almenning og hneykslan vegna þess var skiljanleg. Bæði fyrirtækin sáu að sér og ákváðu að endurgreiða þann kostnað sem hafði fallið til vegna nýtingar þeirra á úrræðinu. Þetta voru hárrétt viðbrögð.

Eftir sem áður er meginhlutverk fyrirtækja það að vinna innan þess ramma sem stjórnvöld marka þeim til þess að hámarka hag hluthafa. Hlutverk fyrirtækja er ein af undirstöðum þeirrar þjóðfélagsskipanar sem við búum við og henni verður ekki hnikað nema með skýrum vilja stjórnmalanna.

Sama gildir um stéttarfélög sem leitast við að hámarka hag félagsmanna og hika ekki við að boða til verkfalla á verstu tímum til þess að ná markmiðum sínum. Heilbrigðisýfirvöld þurfa sömuleiðis að gefa almenningi skýrar leiðbeiningar til þess að hjarðhegðun fólks taki mið af almannahagsmunum í stað eiginhagsmuna hvers og eins. Eiginhagsmunir eru í forgangi nema annað sé tekið skýrt fram.

Jafnvel stöndug fyrirtæki þurfa að grípa til uppsagna í niðursveiflum, sérstaklega þegar aðgerðir stjórnvalda valda samdrætti í starfseminni með beinum hætti. Ráðamenn ákváðu að setja ekki ströng skilyrði við notkun á hlutabótaleiðinni til þess að engar hindranir kæmu í veg fyrir aðalmarkmiðið sem er að viðhalda ráðningarsambandi milli launþega og vinnuveitenda. Þetta var með ráðum gert og félagsmálaráðherra hafði beinlínis hvatt atvinnurekendur til þess að „minnka frekar starfshlutfall starfsfólks tímabundið í stað þess að grípa til uppsagna“.

Síðan berast fréttir af því að stöndug fyrirtæki séu að nýta hlutabótaúrræðið og ráðamenn keppast um að lýsa yfir vanþóknun sinni. Forsætisráðherra sagði að ætlunin hefði ekki verið sú að stöndug fyrirtæki væru að nýta sér þetta neyðarúrræði. Það væri „óviðunandi“. Félagsmálaráðherra sagði að „griðarlega ströng skilyrði“ þyrftu að vera fyrir því að fyrirtæki fengju opinbert fjármagn. Hann hafði þó ekki séð ástæðu til að setja ströng skilyrði í hlutabótafrumvarpið sem hann lagði sjálfur fyrir Alþingi.

Fyrirtæki eiga ekki að þurfa að rýna í óskýr lög til þess að finna duldar ætlanir eða meiningar. Þau fylgdu hvatningu ráðherra og yfirlýstum tilgangi laganna. Ráðamenn þurfa hins vegar að líta í eigin barm og setja skýrarari leikreglur. Það er engin innistæða fyrir vanþóknun af þeirra hálfu.



Guðjón Ó

VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Hlutskarpasta stofan er undir rannsókn

Breska auglýsingastofan M&C Saatchi, sem var valin til að sjá um nýja markaðsherferð á vegum íslenskra stjórnvalda til að auglýsa Ísland sem áfangastað, er undir rannsókn breska fjármálaeftirlitsins.

Rannsókn á M&C Saatchi, sem er skráð í Kauphöllinni í London, hófst í lok janúar en hún snýr að skekkju í bókhaldi auglýsingastofunnar sem kom í ljós í fyrra þegar félagið birti tvær afkomuviðvaranir. Skekkjan nemur 11,6 milljónum punda, jafnvirði 2,1 milljarðs króna, og hafa



David Kershaw, forstjóri M&C Saatchi

hlutabréf auglýsingastofunnar helmingast frá byrjun árs.

M&C Saatchi var eitt fimmtán fyrirtækja sem sóttust eftir því að sjá um nýju markaðsherferðina sem ber heitið Saman í sókn og er hluti af efnahagsaðgerðum stjórnvalda vegna COVID-19. Alls verður 1.500 milljónum króna varið í verkefnið en gert er ráð fyrir að stærsti hluti þess fari í birtingar á erlendum mörkuðum. Útboð fyrir birtingarhluta verkefnisins verður auglýst á vef Ríkiskaupa á næstu dögum. – þfh

11.05.2020



Það hefur engin þjóð bætt heilsu sína með því að verða fátækari. En lokun landamæra, og stöðvun atvinnulífsins, gerir þjóðir fátækari.



Sigríður Andersen, þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Bókhald & laun

Enginn tími fyrir bókhaldið?

Með nýjum rafrænum lausnum sjáum við um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

Taktu skrefið inn í framtíðina með okkur, útvistaðu bókhaldinu og njóttu þess að hafa meiri tíma fyrir þig.

Sjá nánar á www.pwc.is/bokhald



PwC | Bókhald & laun | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

Bílar & Farartæki



2018 Nissan Leaf S 40Kw. Ekinn aðeins 550 km. Raundrægni um 270 km. Til afhendingar strax. 100% lán mögulegt. Verð kr. 3.480.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhíróu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Felli tré og grysja og klippi runna. Ódýr þjónusta. Halldór garðyrkjum. s:698 1215

Bókhald

Rétta ehf.
Suðurlandsbraut 32
108 Reykjavík, Ísland

GSM. 00354 854 8080
Sími. 00354 516 8080

www.retta.is
olafur@retta.is

RÉTTA- BÓKHALDSPJÓNUSTA.
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldspjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaveiðhald

Rúnar múrari

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna. s. 780 2838.

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrur, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16,
Skiptihólt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

Óska eftir manni í húsaveiðgerðir, múr og málun. Einhver reynsla æskileg. Uppl: 618 5286 Þórður.

Óska eftir eldri mönnum í húsaveiðgerðir og almennt viðhald garða, helst með reynslu og réttindi. Íslenskumælandi. Uppl. í síma 616 1569.

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til 89% lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.

*Frettablaðið og Morgunblaðið
Heimild: Prentmæling Gallup, jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.

Ódýrasti smájeppinn fyrir íslenskar aðstæður

AÐEINS 33.830 Á MÁNUÐI*

DACIA 4x4 DUSTER

VERÐ FRÁ AÐEINS 2.790 ÞÚSUND stgr.

Skoðum með uppítöku á öllum tegundum bifreiða

- Beinskiptur
- Bensín
- 114 hö.

Komið og reynsluakið

Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017-2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið keldan

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með marga ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum stór og smá fyrirtæki.



HANDAFL
STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | SÍMI 419 9000

info@handafl.is | handafl.is



**Sveitarfélagið
ÁRBORG**

Auglýsing um deiliskipulagsbreytingu að Eyravegi 34-38 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 1.mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagsbreytingu að Eyravegi 34-38 á Selfossi.

Skipulagstillagan felur í sér heimild til byggingar allt að 4 hæða húsnæði á Eyravegi 38 og 5 hæða húsnæði að Eyravegi 34. Húsnæðið getur bæði verið fyrir verslunar og þjónustuhúsnæði, íbúðahúsnæði eða hvoru tveggja í sömu byggingu.

Á Eyravegi 38 er fyrir ein 3. hæða bygging á lóðinni og verður heimilt að byggja eina hæð til viðbótar ofan á hana.

Á Eyravegi 34 eru engar byggingar á lóðinni og er skilgreindur einn byggingarreitur á henni, en heimilt er að brjóta upp byggingar og vera með fleiri en eina byggingu innan reitsins, og skal það vera innan leyfilegs nýtingarhlutfalls.

Teikning ásamt greinargerð og skilmálum, vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með miðvikudeginum 13. maí 2019 til miðvikudagsins 24. júní 2020. Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Frestur til að skila athugasemdum rennur út miðvikudaginn 24. júní 2020 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

